



BA-ritgerð

Almenn málvísindi

Ég gaf ambáttina konunginum

Umröðun tveggja andlaga í íslensku

Bolli Magnússon

Leiðbeinendur: Jóhannes Gísli Jónsson og Einar Freyr Sigurðsson
Maí 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn málvísindi

Ég gaf ambáttina konunginum

Umröðun tveggja andlaga í íslensku

Ritgerð til B.A.-prófs

Bolli Magnússon

Kt.: 030296-2659

Leiðbeinendur: Jóhannes Gísli Jónsson og Einar Freyr Sigurðsson

Maí 2019

Þakkir

Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinendum mínum, Einari Frey Sigurðssyni og Jóhannesi Gísla Jónssyni, fyrir skemmtilega og lærdómsríka BA-fundi á önninni. Þegar þeir stungu fyrst upp á því að ég myndi skrifa um umröðun ÞGF-ÞF-sagna í íslensku fannst mér það frekar takmarkað viðfangsefni. Fljótlega rann þó upp fyrir mér að svo væri alls ekki. Ég komst að því að eitthvað sem virðist ómerkilegt á yfirborðinu, líkt og röð andlaga, getur reynst afar margslungið og leitt mann um óravíðáttur generatífrar setningafræði. Ég vil líka þakka Hinriki Hafsteinssyni fyrir máltækniástoð, Jim Wood fyrir góðar ábendingar, Dagbjörtu Guðmundsdóttur fyrir prófarkalestur, Steinþóri Steingrímssyni fyrir að útvega mér gögn tengd Risamálheildinni, kennurum mínum fyrir frábært BA-nám og starfstækifæri og síðast en ekki síst vinum mínum í Mími fyrir skemmtilegt félagslíf og áhugaverðar málfræðiumræður, ýmist í skólanum eða á barnum.

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til BA-prófs í almennum málvísindum á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni hennar er svokölluð umröðun (e. *object inversion*) tveggja andlaga sagna í íslensku, þ.e. þegar beina andlagið kemur á undan því óbeina í línulegri röð. Þannig er ekki aðeins hægt að segja *Ég gaf konunginum ambáttina* (ómörkuð orðaröð) heldur líka *Ég gaf ambáttina konunginum* (umröðun).

Lítið er vitað með vissu um umröðun annað en að hún er yfirleitt bara möguleg með (sumum) sögnum sem taka óbeint andlag í þágufalli og beint andlag í þolfalli, og þá einungis ef andlögin lúta ákveðnum hljóðkerfisskilyrðum.

Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er tölfræðirannsókn sem var gerð á tíðni umröðunar í náttúrulegum gögnum. Skoðaðar voru 85 PGF-ÞF-sagnir í tveimur undirmálheildum Risamálheildarinnar, Alþingisræðum og fréttum af Vísi.is. Risamálheildin býður upp á nýja og áður óþekkta möguleika í málfræðirannsóknum og er þetta fyrsta rannsóknin á umröðun sem byggist á því að skoða tíðni hennar og raunveruleg dæmi.

Helstu niðurstöður eru að talsverður munur virðist vera á sögnum og hve auðveldlega þær geta tekið umröðun, mögulega í tengslum við merkingu sagnanna og hve auðveldlega er hægt að sleppa óbeina andlaginu með þeim. Til dæmis fundust mun fleiri umröðunardæmi með sögnunum *afhenda* og *tilkynna* en *gefa* og *segja*. Viðtakandinn er e.t.v. ekki eins mikilvægur fyrir verknað fyrri sagnanna og þeirra seinni og þ.a.l. auðveldara að sleppa óbeina andlaginu með þeim.

Í samræmi við það sem hefur verið skrifað fundust nær engin umröðunardæmi með sögnum öðrum en PGF-ÞF-sögnum og í nær öllum tilvikum þar sem beint andlag kemur á undan óbeinu andlagi er óbeina andlagið léttara en það beina, m.t.t. atkvæða- eða orðafjölda. Þó fundust nokkur umröðunardæmi þar sem óbeina andlagið er léttara en það beina, t.d. *fornafn*.

Þá eru umröðun og frestun þungs nafnliðar mun algengari í Alþingisræðum en á Vísi.is og fundust vísbendingar á báðum stöðum um að hlutfall þeirra fari minnkandi með árunum. Það gæti bent til þess að umröðun teljist til formlegs máls eða eldra málsniðs eða þá að ritmál hafi orðið óformlegra í tímans rás.

Þrátt fyrir allt er umröðun mjög sjaldgæf og mörkuð setningagerð sem kemur aðeins fyrir í um 0,24% af heildarnotkun tveggja andlaga sagna og er jafnvel enn sjaldgæfari og takmarkaðri en áður var haldið.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Almennt um tveggja andlaga sagnir og umröðun	2
2.1	Sagnir og andlög	2
2.2	Fall	3
2.2.1	Formgerðarfall og orðasafnsfall	3
2.2.2	Fallamynstur tveggja andlaga sagna	4
2.3	Formgerð tveggja andlaga sagna	6
2.3.1	ÞGF-ÞF	6
2.3.2	Hin mynstrin	8
2.4	Umröðun	10
2.5	Merking	11
2.6	Samantekt	13
3	Fræðilegt yfirlit	14
3.1	Frestun þungs nafnliðar	14
3.2	Formgerð umröðunar	15
3.2.1	Bindimöguleikar	15
3.2.2	Afleidd eða grunnmynduð formgerð	16
3.2.3	UTAH (Baker 1988)	17
3.2.4	Umröðun vs. <i>to</i> -formgerðin	17
3.2.5	Þetastigveldið	18
3.3	Ákveðni og áhersla	18
3.4	Lifun	19
3.5	Tækleiki umröðunar	20
3.6	Samantekt	20
4	Rannsóknaraðferð	22
4.1	Sagnir	22
4.2	Tvívæðni	23
4.3	Dæmaleit	24
4.4	Samantekt	26
5	Niðurstöður	27
5.1	Yfirlit	27
5.2	Samanburður við fyrri skrif	28
5.2.1	Umröðun með öðrum sögnum en ÞGF-ÞF	28
5.2.2	Tíðni og tækleiki	29

5.2.3	Ákveðni, áhersla og þyngd	30
5.3	Munur á sögnum	31
5.3.1	<i>gefa</i> vs. <i>afhenda</i> og <i>segja</i> vs. <i>tilkynna</i>	34
5.3.2	Merkingarflokkar	34
5.4	Alþingi og Vísir	37
5.5	Samantekt	40
6	Lokaorð	41
	Heimildir	42
	Viðauki	45

1 Inngangur

Mikið hefur verið skrifað um tveggja andlaga sagnir í tungumálum heimsins, enda þykir það nokkuð áhugavert að ein sögn úthluti falli til þriggja ólíkra rökliða, þ.e. frumlags, óbeins andlags og beins andlags, sem hafa ólíka stöðu innan formgerðarinnar. Íslenskar tveggja andlaga sagnir eru þar engin undantekning, enda hefur íslenska sérlega ríkulegt falla- og beygingarkerfi og í málinu eru margar tveggja andlaga sagnir á ýmsum merkingarsviðum sem birtast í allt að sex mismunandi fallamynstrum.

Tveggja andlaga sagnir sem taka óbeint andlag í þágufalli og beint andlag í þolfalli hafa ýmiss konar sérstöðu gagnvart öðrum tveggja andlaga sögnum. Eitt af því er að andlög þeirra geta stundum komið í öfugri röð, þ.e. að beina andlagið (BA) kemur á undan því óbeina (ÓA):

- (1) a. Ég gaf konunginum (ÓA) ambáttina (BA) (ómörkuð orðaröð)
- b. Ég gaf ambáttina (BA) konunginum (ÓA) (umröðun)

Þetta nefnist umröðun (e. *object inversion*) og er meginviðfangsefni þessarar ritgerðar.

Ýmislegt hefur verið skrifað um eðli og möguleg skilyrði umröðunar. Má þar til dæmis nefna hljóðkerfisatriði eins og þyngd liða, ákveðni og áherslu, merkingarleg atriði eins og merkingarsvið sagna, merkingarhlutverk rökliða og lifun. Einnig hefur verið rætt um formgerð umröðunarsetninga, t.d. bindimöguleika, hvort umröðun sé afleidd eða grunnmynduð formgerð og hvort umröðun sé sambærileg svokallaðri *to*-formgerð í ensku og meginlandsskandinavísku, þar sem forsetningarliður kemur á eftir beinu andlagi.

Ritgerðin skiptist í fjóra meginkafla auk inngangs og lokaorða. Fyrst er gefið yfirlit yfir sagnir, andlög og föll í íslensku, fjallað almennt um tveggja andlaga sagnir og umröðun kynnt til sögunnar. Næst er farið yfir það sem fræðimenn hafa skrifað um umröðun í tímans rás, þ.e. formgerð hennar og möguleg skilyrði. Svo er sagt frá rannsókn sem var gerð til að öðlast betri skilning á skilyrðum umröðunar.

Rannsóknin fólst í því að skoða tíðni umröðunar með 85 ÞGF-ÞF-sögnum í Rísamálheildinni til þess að sjá hvort munur væri á tilteknum sögnum og hversu vel tölurnar samræmdust fyrri skrifum fræðimanna um efnið. Þetta er fyrsta stóra rannsóknin á umröðun sem byggist á tíðni hennar og raunverulegum dæmum í náttúrulegum gögnum.

Loks eru helstu niðurstöður dregnar saman og vöngum velt varðandi framhaldið.

2 Almennt um tveggja andlaga sagnir og umröðun

2.1 Sagnir og andlög

Eins og er vel þekkt taka sagnir í íslensku ýmist ekkert (2a), eitt (2b) eða tvö (2c) andlög. Af þessari ástæðu er sögnum stundum skipt í einrúmar (e. *monadic*), tvírúmar (e. *dyadic*) og þrírúmar (e. *triadic*) sagnir eftir fjölda rökliða (e. *arguments*) sem þær taka með sér og er þá frumlagið talið með. Rökliði mætti skýra sem *aðila verknaðarins* eða þau fyrirbæri, lifandi eða dauð, sem taka þátt í verknaði sagnarinnar.

Í (2a) er *Jón* eini aðili verknaðarins og því er sögnin einrúm. Í (2b) eru aðilarnir tveir, *Jón* og *grasið*, og því er sögnin tvírúm. Í (2c) eru aðilarnir þrír, *Jón*, *María* og *bók*, og því er sögnin þrírúm.

- (2) a. Jón hlær
- b. Jón slær grasið
- c. Jón gefur Maríu bók

Sagnir sem taka eitt eða tvö andlög kallast áhrifssagnir og sagnir sem taka ekkert andlag kallast áhrifslausar sagnir. Tveggja andlaga áhrifssagnir, sem eru til umræðu hér, taka beint andlag og óbeint andlag. Í dæmi (2c) hér að framan er *bók* beint andlag og *Maríu* óbeint andlag. Venjulega er aðeins talað um óbeint andlag þegar tveggja andlaga sagnir eiga í hlut og í ómarkaðri orðaröð kemur óbeina andlagið á undan því beina (Höskuldur Þráinsson 2005:7. kafli).

Ýmislegt bendir til þess að beina andlagið sé almennt í nánari tengslum við sögnina en óbeina andlagið. Því til stuðnings má nefna að það er mun oftast hægt að sleppa óbeinu andlagi sagnar en því beina (Höskuldur Þráinsson 2005:293):

- (3) a. Hún er alltaf að senda krökkunum gjafir
- b. Hún er alltaf að senda gjafir
- c. *Hún er alltaf að senda krökkunum

Í mörgum föstum orðasamböndum er beina andlagið fast en það óbeina breytilegt og er þá oft sýnt í orðabókum sem *e-m*, *e-n* eða *e-u* (Höskuldur Þráinsson 2005:293):

- (4) a. árna e-m heilla, gefa e-m selbita, gera e-m skráveifu, senda e-m tóninn, standast e-m snúning, telja e-m hughvarf, unna e-m sannmælis
- b. krefja e-n sagna, svipta e-n lífi

Það er mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt að finna orðasamband þar sem óbeina andlagið er fast en það beina breytilegt, og gildir það ekki aðeins um íslensku heldur almennt í tungumálum heimsins (Holmberg 1991, Bruening 2010).

Þó eru ýmsar undantekningar á því að aðeins beina andlagið sé skyldubundið. Innan ÞGF-ÞF-beygingarmynstursins má til dæmis finna sagnir þar sem bæði andlögin (5), hvorugt (6) eða aðeins það óbeina (7) eru skyldubundin:

- (5) a. Jón eignaði mér sigurinn
b. *Jón eignaði mér
c. *Jón eignaði sigurinn
- (6) a. Jón skuldar mér peninga
b. Jón skuldar mér
c. Jón skuldar peninga
- (7) a. Jón byrtaði mér eitur
b. Jón byrtaði mér
c. *Jón byrtaði eitur

2.2 Fall

2.2.1 Formgerðarfall og orðasafnsfall

Áður en vikið er að fallamynstrum tveggja andlaga sagna og til að átta sig betur á eiginleikum þeirra er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um fall í íslensku.

Falli er oft skipt í formgerðarfall (e. *structural case*) og orðasafnsfall (e. *lexical case*). Yfirleitt er talið að formgerðarfall í íslensku sé nefnifall á frumlögum og þolfall á andlögum í germynd og mögulega nefnifall á andlögum í þolmynd. Annað fall sé þá orðasafnsfall sem skiptist í reglufall (e. *thematic case*) og furðufall (e. *quirky case*) eftir atvikum (Jóhannes Gísli Jónsson 1997-1998, 2003).

Formgerðarfall ræðst af hlutverki liðarins í formgerðinni en orðasafnsfall ræðst af fallvaldinum sjálfum. Af því leiðir að við breytingu germyndarsetninga yfir í þolmynd helst orðasafnsfall óbreytt á andlaginu eftir að það er flutt í frumlagssæti en formgerðarfall breytist úr þolfalli í nefnifall vegna breytttrar stöðu liðarins innan formgerðarinnar (Höskuldur Þráinsson 2005:7. kafli):

- (8) a. Einhver tók **bátinn** (þf.)
b. **Báturinn** (nf.) var tekinn

- c. Einhver hjálpaði **stráknum** (þgf.)
- d. **Stráknum** (þgf.) var hjálpað

2.2.2 Fallamynstur tveggja andlaga sagna

Þar sem íslenska hefur fjögur föll eru fræðilega séð 64 ($4 \times 4 \times 4 = 64$) möguleg fallamynstur frumlags og andlaga tveggja andlaga sagna í íslensku (Yip, Maling og Jackendoff 1987, Jóhannes Gísli Jónsson 2000). Þrátt fyrir það eru aðeins í mesta lagi sex mynstur í notkun í málinu (sjá t.d. Maling 2002).

Í fyrsta lagi vekur athygli að frumlag tveggja andlaga sagna er alltaf í nefnifalli. Af því leiðir að andlöggin geta aldrei verið í nefnifalli vegna þess að nefnifallsandlög koma einungis fyrir í germynd með aukafallsfrumlagi í íslensku (Jóhannes Gísli Jónsson 2000).

Í öðru lagi getur beina andlagið aldrei verið í eignarfalli, aðeins það óbeina. Þetta tengist mögulega merkingarflokkun rökliða vegna þess að eignarfallsandlög tvírúmra sagna í íslensku verða að vera þemu burtséð frá setningarhlutverki en óbein andlög þrírúmra sagna geta aldrei verið þemu (Jóhannes Gísli Jónsson 2000).

Í framhaldi af umræðunni um ólíka stöðu andlaganna tveggja er svo athyglisvert að óbeina andlagið er takmarkaðra en það beina m.t.t. falla sem það getur staðið í, þ.e. beina andlagið getur staðið í þolfalli, þágufalli eða eignarfalli en óbeina andlagið getur aðeins staðið í (formgerðar)þolfalli eða (reglu)þágufalli. Þetta gæti verið frekari vísbending um nánari tengsl sagnarinnar við beina andlagið (Holmberg 1991).

Í (9) eru sýnd fallamynstur tveggja andlaga sagna í íslensku.

- (9) a. ÞGF - ÞF: gefa e-m e-ð
- b. ÞF - ÞGF: svipta e-n e-u
- c. ÞGF - ÞGF: spyrja e-n e-s
- d. ÞGF - EF: lofa e-m e-u
- e. ÞF - EF: synja e-m e-s
- f. ÞF - ÞF: kosta e-n e-ð

Rétt er að geta þess að fallamynstrið í (9f), ÞF-ÞF, er ekki óumdeilt því sumir telja að þar séu ekki tvö andlög á ferð heldur annars konar liðir, t.d. beint andlag og fylliliður andlags eins og í (9f) eða beint andlag og óbeint andlag sem er samstofna sögninni (*höggva einhvern banahögg*) eða beint andlag og liður sem hefur merkingarhlutverkið *leið* (e. *path*) (*keyra bílinn þessa leið*) (Zaenen, Maling og Höskuldur

Práinsson 1985). Það eru aðeins örfáar sagnir í mynstrinu og eru þær t.d. takmarkaðri m.t.t. myndunar þolmyndarsetninga.

Þó má nefna tilbrigði í málinu sem hefur verið kallað eignarfallsflótti¹ og getur leitt til þess að sagnir eins og *spyrja*, sem venjulega taka óbeint andlag í þolfalli og beint andlag í eignarfalli, taki bæði andlögin í þolfalli, sbr. *spyrja einhvern eina spurningu* (ÞF-ÞF) í stað *spyrja einhvern einnar spurningar* (ÞF-EF). Þetta bendir til þess að mynstrið sé allavega ekki útilokað í málfræðinni en aðeins lítið notað einhverra hluta vegna. Zaenen, Maling og Höskuldur Práinsson (1985) kalla þetta slysagat (e. *accidental gap*). Ekki verður fjallað meira um hið meinta ÞF-ÞF-mynstur í þessari ritgerð.

Erfitt er að festa nákvæmar tölur á sögnunum í hverjum flokki en það er alveg ljóst að ÞGF-ÞF-sagnirnar eru langalgengastar, sbr. tölur frá Jóhannesi Gísla Jónssyni (2000) yfir tveggja andlaga sagnir í íslensku.² Hinir flokkarnir eru nokkuð jafnir að stærð en ÞF-EF þó minnstur.

- (10) a. ÞGF - ÞF: 220 (66%)
b. ÞF - ÞGF: 37 (11%)
c. ÞGF - ÞGF: 29 (9%)
d. ÞGF - EF: 28 (8%)
e. ÞF - EF: 21 (6%)
(Samtals 335 sagnir)

Annar listi frá Jóhannesi (2005) inniheldur tveggja andlaga sagnir í nútíma-íslensku og eru hlutföllin þar nokkuð svipuð nema ÞGF-ÞF eru nokkuð færri og ÞF-ÞGF nokkuð fleiri:

- (11) a. ÞGF - ÞF: 87 (55%)
b. ÞF - ÞGF: 32 (20%)
c. ÞGF - ÞGF: 12 (8%)
d. ÞGF - EF: 14 (9%)
e. ÞF - EF: 13 (8%)
(Samtals 158 sagnir)

¹Sjá t.d. umræðu um eignarfallsflótta hjá Helga Skúla Kjartanssyni (1979, 1999), Ástu Svavarsdóttur (1994) og Ragnhildi Gunnarsdóttur (2015).

²Úreltar sagnir, sagnir sem eru aðeins notaðar í föstum orðasamböndum og sagnir sem beygjast aðeins afturbeygt eru líka taldar með.

2.3 Formgerð tveggja andlaga sagna

Áður en vikið er að formgerð umröðunar þarf að gera grein fyrir ómörkuðu orðaröðinni. Við fyrstu sýn mætti ætla að andlögin tvö hefðu svipaða stöðu innan formgerðarinnar (að línulegri röð undanskilinni) en út frá tvígreiningarlögmálinu (e. *binary branching hypothesis*), þ.e. að allir setningarliðir greinist í tvennt, er það ómögulegt. Til þess þyrfti þriggreiningu. Annað andlagið verður að vera yfirskipað hinu og ýmislegt bendir til þess að óbeina andlagið sé yfirskipað því beina (Höskuldur Þráinsson 2007).

Í fyrsta lagi getur óbeint andlag verið undanfari fyrir afturbeygt fornafn í beina andlaginu en ekki öfugt, þ.e. óbeina andlagið getur bundið það beina.

- (12) a. Þú sviptir eiginmanninn_i konu **sinni**_i
b. *Þú sviptir eiginmann **sinn**_i konunni_i

Í öðru lagi getur óbeina andlagið staðið sem neitandi orð með neikvæðisorði (e. *negative polarity item*) í beina andlaginu en ekki öfugt. Með neikvæðisorði er átt við orð eins og *neinum* og *neitt* en til þess að nota slíkt orð þarf annað neitandi orð sem stendur ofar í formgerðinni. *Engum* er yfirskipað *neitt* en *ekkert* er ekki yfirskipað *neinum*. Þess vegna er dæmi (13a) tækt en (13b) ótækt (Höskuldur Þráinsson 2005:227):

- (13) a. Ég gaf engum **neitt**
b. *Ég gaf **neinum** **ekkert**

2.3.1 PGF-ÞF

Eins og áður var getið eru PGF-ÞF-sagnir langalgengasti flokkur tveggja andlaga sagna í íslensku. Það kemur e.t.v. ekki mikið á óvart vegna þess að þágufall er algengasta fallið á óbeinu andlagi og þolfall á beinu andlagi. Zaenen, Maling og Höskuldur Þráinsson (1985) segja að þetta mynstur myndi kjarna tveggja andlaga sagna. Það sést meðal annars á sterkri stöðu þess í skyldum málum eins og ensku og meginlandsskandinavísku, sem hafa glatað föllum að mestu leyti. Í ensku samsvara til dæmis margar af algengustu tveggja andlaga sögnunum PGF-ÞF-sögnum í íslensku.³

³Þó er það ekki algilt því sumar tveggja andlaga sagnir í ensku eiga sér samsvörun í íslenskum sögnum í öðru fallamynstri en PGF-ÞF.

- (i) a. promise somebody something
lofa e-m e-u (PGF-ÞGF)

- (14) a. give somebody something
gefa e-m e-ð
- b. show somebody something
sýna e-m e-ð
- c. tell somebody something
segja e-m e-ð
- d. teach somebody something
kenna e-m e-ð

Mynstrið er annað tveggja, ásamt ÞGF-ÞGF, sem eru virk í nútímaíslensku að því leyti að þau taka við nýjum orðum, sbr. t.d. samskiptasagnir eins og *meila e-m e-ð/e-u* (Rannveig B. Þórarinsdóttir 2015).

ÞGF-ÞF sagnir hafa líka sérstöðu gagnvart hinum fallamynstrunum vegna þess að beina andlagið, en ekki aðeins það óbeina, getur orðið að frumlagi í þolmynd,⁴ sbr. (15) (Zaenen, Maling og Höskuldur Þráinsson 1985):

- (15) a. Ég gaf konunginum ambáttir (germynd)
Konunginum voru gefnar ambáttir (óbeint andlag í frumlagssæti)
Ambáttir voru gefnar konunginum (beint andlag í frumlagssæti)
- b. Ég skilaði henni peningunum (germynd)
Henni var skilað peningunum (óbeint andlag í frumlagssæti)
***Peningunum** var skilað henni (beint andlag í frumlagssæti)

Þá er heldur yfirleitt ekki hægt að skipta út óbeinu andlagi ÞGF-ÞF-sagnar fyrir forsetningarlið en það er hins vegar hægt með sögnum sem almennt taka hin fallamynstrin (sjá nánar í kafla 3.2.4.):

- (16) a. Hún gaf Jóni bókina
 *Hún gaf bókina **til Jóns**
- b. Hún skilaði Jóni bókinni
 Hún skilaði bókinni **til Jóns**

-
- b. ask somebody something
spyrja e-n e-s (ÞF-EF)

⁴Þó getur beint andlag sagna annarra en ÞGF-ÞF-sagna orðið að frumlagi í þolmynd ef óbeina andlagið er tekið út:

- (i) **Peningunum** var skilað.

- c. Hún leyndi Jón sannleikanum
Hún leyndi sannleikanum **fyrir Jóni**
- d. Hún krafði Jón svara
Hún krafði Jón **um svör**
- e. Hún synjaði Jóni leyfis
Hún synjaði Jóni **um leyfi**

Þá má einnig minnst á mun milli ÞGF-ÞF-sagna og annarra m.t.t. andlagsstökks, þ.e. færslu andlags eða andlaga yfir setningaratviksorð (Höskuldur Þráinsson 2007, Collins og Höskuldur Þráinsson 1996). Með sögnum öðrum en ÞGF-ÞF-sögnum, þ.e. sögnum sem leyfa ekki umröðun, getur óbeina andlagið eða bæði andlögin en ekki beina andlagið eitt og sér færst yfir atviksorð:

- (17) a. Þeir sviptu aldrei manninn vinnunni
- b. Þeir sviptu **manninn** aldrei vinnunni
- c. ?Þeir sviptu **manninn vinnunni** aldrei
- d. *Þeir sviptu **vinnunni** aldrei manninn

En á hinn bóginn getur hvort tveggja andlagið færst eitt og sér með ÞGF-ÞF-sögnum:

- (18) a. Þau sýndu aldrei börnunum foreldrana
- b. Þau sýndu **börnunum** aldrei foreldrana
- c. Þau sýndu **börnunum foreldrana** aldrei
- d. Þau sýndu **foreldrana** aldrei börnunum

Því hefur einnig verið haldið fram að ÞF-ÞGF-sagnir séu þær einu sem geti tekið svokallaðri umröðun, en það verður rætt í kafla 2.4.

2.3.2 Hin mynstrin

Til að undirstrika sérstöðu ÞGF-ÞF-sagna er rétt að tæpa aðeins á hinum falla-mynstrum íslenskra tveggja andlaga sagna.

ÞF-ÞGF-mynstrið er næstalgengast á eftir ÞGF-ÞF. Með sumum þannig sögnum virðist þágufallið vera leifar af gömlu verkfæris- eða tækisfalli (e. *instrumental*). Í ensku taka margar þessara sagna beint andlag og forsetningarlið og er það yfirleitt líka hægt í íslensku (19a og 19b). Stundum (19c) getur forsetningarliður komið í staðinn fyrir óbeina andlagið ef það er gamalt verkfærisfall og telst þá e.t.v. óformlegra mál (Höskuldur Þráinsson 2005:328).

- (19) a. Þeir leyndu **hana** sannleikanum/leyndu sannleikanum **fyrir henni**
 b. Dómararnir rændu **þá** sigrinum/rændu sigrinum **frá þeim**
 c. Þau skreyttu bílinn **fánum**/skreyttu bílinn **með fánum**

Líkt og ÞGF-ÞF hefur ÞGF-ÞGF-mynstrið óbeint andlag í þágufalli, sem er í vissum skilningi sjálfgefið fall á óbeinu andlagi, og er líka að einhverju leyti virkt í nútímamáli, þ.e. tekur við nýjum orðum. Margar eða jafnvel flestar ÞGF-ÞGF-sagnir eru notaðar í talmáli, t.d. *lofa, hóta, skila, svara, úthluta, ansa* o.fl. (Höskuldur Þráinsson 2005:329).

Ef um gamalt verkfærisfall er að ræða er hægt að setja forsetningarlið með *með* í staðinn (sbr. 20a). Annars virðist óbeina andlagið vera einhvers konar viðtakandi. Ef sögnin táknar eiginlega hreyfingu til viðtakanda má skipta óbeina andlaginu út fyrir forsetningarlið en annars ekki (setningar og dómar frá Höskuldi Þráinssyni 2005:329):

- (20) a. Hún hótaði mér **því**/hótaði mér **með því**
 b. Ég lofaði **henni** því/*lofaði því **til hennar**
 c. Þeir úthlutuðu **honum** styrk/?úthlutuðu styrk **til hans**
 d. Hún skilaði **mér** bókinni/skilaði bókinni **til mín**

Þótt ÞGF-EF-mynstrið telji álíka margar sagnir og ÞGF-ÞGF er það afar takmarkað og notkun þess að miklu leyti bundin við föst orðasambönd (Höskuldur Þráinsson 2005:328).

- (21) a. Ég óska þér velfarnaðar
 b. Við árnun honum allra heilla
 c. Þeir hafa aflað sér mikilla upplýsinga

Fáeinir ÞF-EF-sagnir eru notaðar í talmáli, sumar aðeins í föstum orðasamböndum eða ritmáli. Þessar sagnir geta stundum tekið forsetningarlið í stað óbeins andlags en útkoman virðist vera duttlungum háð að einhverju leyti (setningar og dómar frá Höskuldi Þráinssyni 2005:329):

- (22) a. Þeir spurðu hana **margra spurninga**/margs/***um margar spurningar**/**um margt**
 b. Hann krafði hana **sagna**/?**peninga**/***um sagnir**/**um peninga**
 c. Ég bað hana **afsökunar**/**fyrirgefningar**/?***um afsökun**/**um fyrirgefningu**

Önnur fallamynstur en ÞGF-ÞF eru að mörgu leyti takmarkaðri og kenjöttari en ÞGF-ÞF. Þau innihalda færri sagnir sem eru lifandi í málinu og eru ekki bundnar við föst orðasambönd eða ritmál. Engin nema ÞGF-ÞGF taka við nýjum orðum. Þau hafa ýmiss konar sérkennileika varðandi forsetningarliði og andlög þeirra eru stundum leifar af gömlu verkfærisfalli og þ.a.l. ekki eins virk eða lifandi og andlög ÞGF-ÞF-sagna.

2.4 Umröðun

Þótt það sé mun algengara og eðlegra að óbeina andlagið komi á undan því beina með ÞGF-ÞF-sögnum er stundum hægt að víxla röð andlaganna þannig að það beina komi á undan því óbeina (Collins og Höskuldur Þráinsson 1996):

- (23) a. Hann gaf konunginum ambáttina
b. Hann gaf ambáttina konunginum
- (24) a. Þau sýndu foreldrunum krakkana
b. Þau sýndu krakkana foreldrunum

Venjulega er slík formgerð útilokuð, t.d. með ÞF-ÞGF eða ÞGF-ÞGF-sögnum (25b, 26b)(dæmi og dómar frá Höskuldi Þráinssyni 2007):

- (25) a. Sjórinn svipti sjómannskonuna fyrirvinnunni
b. ?*Sjórinn svipti fyrirvinnunni sjómannskonuna
- (26) a. Mannræninginn skilaði foreldrunum börnunum
b. *Mannræninginn skilaði börnunum foreldrunum⁵

Þetta nefnist umröðun og er viðfangsefni ritgerðarinnar. Í kafla 3 verður rakið það helsta sem hefur verið skrifað um umröðun tveggja andlaga sagna íslensku, þ.e. hvenær hún er möguleg og hvaða skilyrði séu á notkun hennar, og í kafla 4 verður greint frá nýrri athugun á fyrirbærinu.⁶

⁵ÞGF-ÞGF-sagnir eru býsna athyglisverðar í þessu samhengi því andlögin eru í sama falli og því leiðir umröðun ekki til ótækrar setningar heldur merkingarviðsnúnings. Umröðunarsetningin er ótæk í upprunalegu merkingunni og getur aðeins þýtt að foreldrunum hafi verið skilað til barnanna (Höskuldur Þráinsson 2007).

⁶Rétt er að geta þess að umröðun andlaga er líka möguleg í þolmynd:

- (i) a. Jóni var gefin bókin
b. Bókin var gefin Jóni

En það er ekki fyllilega ljóst hvort umröðun í þolmynd og umröðun í germynd séu sama fyrirbærið. Til dæmis leyfir færeyska almennt ekki þessa hefðbundnu umröðun í germynd en í þolmynd

2.5 Merking

Til að ljúka þessum kafla verður farið stuttlega yfir merkingarhlutverk rökliða ÞGF-ÞF-sagna og merkingarflokkun sagnanna sjálfra. Það er gert vegna þess að eitt af markmiðum rannsóknarinnar sem sagt er frá í kafla 4 er að kanna hvort merking sagnar hafi áhrif á möguleika hennar til umröðunar.

Nákvæm merkingarflokkun er síður en svo auðveld viðfangs en þó má greina ýmsar tilhneigingar og grófa flokka merkingarhlutverka. Frumlag tveggja andlaga sagna er alltaf í nefnifalli og hefur yfirleitt merkingarhlutverkið geranda.⁷ Þær staðreyndir tengjast því gerendur eru alltaf í nefnifalli í íslensku (Jóhannes Gísli Jónsson 1997-1998). Með flestum tveggja andlaga sögnum hefur óbeina andlagið merkingarhlutverkið mark (viðtakendur og njótendur þar með taldir) en beina andlagið yfirleitt þema (Jóhannes Gísli Jónsson 2005:359).

Sögnunum sjálfum hefur svo verið skipt í ýmsa flokka eftir merkingarsviði, þ.e. eðli verknaðarins sem þær lýsa. Jóhanna Barðdal (2007) hefur til að mynda skilgreint sautján flokka fyrir íslenskar ÞGF-ÞF-sagnir, t.d. eftir því hvort merking þeirra tengist því að senda, borga, lána, skapa o.fl. (sjá einnig Levin 1993 fyrir nákvæma merkingarflokkun sagna í ensku).

er almenna reglan sú að beina andlagið færirst í frumlagssætið (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012:269):

- (1) a. Teir seldu bóndanum kúnna
Þeir seldu bóndanum kúna
- b. Kúgvín varð seld bóndanum
Kýrin var seld bóndanum
- c. ??Bóndanum varð seld kúgvín
Bóndanum var seld kýrin
- d. ?Bóndanum varð seld ein kúgv
Bóndanum var seld kýr

Svipað er uppi á teningnum í hollensku (McGinnis 2008):

- (2) a. Het boek werd Mary getoond
Bókin var sýnd Maríu
- b. *Zij werd het boek getoond
Henni var sýnd bókin

Rannsókn á umröðun í þolmynd í íslensku verður þó að bíða betri tíma og því verður aðeins fjallað um germyndina í þessari ritgerð.

⁷Þó eru á því undantekningar eins og á flestu öðru, sbr. (7) (Höskuldur Þráinsson 2005:334):

- (i) a. **Haraldur** kann henni engar þakkir fyrir (reynandi)
- b. **María** gat sér gott orð í skólanum (mark?)
- c. **Atburðurinn** átti sér stað á skólalóðinni (þema)

Önnur möguleg flokkun PGF-ÞF-sagna er að skipta þeim í þrjá grófa flokka, eignaskiptasagnir, boðskiptasagnir og njótendasagnir, þ.e. sagnir þar sem óbeina andlagið nýtur góðs af einhverju (Jóhannes Gísli Jónsson 2005:359).

Með sögnum sem tákna eiginleg eða óeiginleg eignaskipti tákna óbeina andlagið nýja eigandann og beina andlagið það sem skiptir um eiganda. Sagnirnar *lána*, *útvega* og *senda* eru dæmi um svona sagnir.

- (27) a. Sigga ætlar að lána Sveini peninga
b. Skólinn útvegar nemendum húsnæði
c. Hann sendi mér tölvupóst um daginn

Boðskiptasagnir eru sagnir sem tákna munnleg eða skrifleg boðskipti og með þessum sögnum tákna óbeina andlagið þann sem fær boðin en beina andlagið tákna boðin, sem geta verið fallsetning (28a og 28b).

- (28) a. Læknarnir hafa bannað honum að reyna á sig
b. Þú sagðir mér ekki hvern þú hefðir kosið
c. María kennir börnunum frönsku

Með njótendasögnum tákna óbeina andlagið þann sem nýtur góðs af beina andlaginu á einhvern hátt, þ.e. njótanda. Með sumum þannig sögnum, t.d. *ávinna* og *panta*, verður óbeina andlagið að vera fornafn sem vísar til frumlagsins.

- (29) a. Sveinn ávann sér mikið traust
b. Ég pantaði mér steiktar gellur
c. Þetta tæki sparar okkur tíma

Í tengslum við njótendur má geta þess að íslenska hefur sérstöðu gagnvart til dæmis ensku og meginlandsskandinavísku að því leyti að notkun frjálsra njótenda (e. *free benefactives*) er býsna takmörkuð. Í hinum málunum er hægt að bæta þriðja rökliðnum, njótanda, við nokkurn veginn hvaða transitífu formgerð sem er, sem hefur eitthvað að gera með framleiðslu, sköpun og því um líkt en í íslensku er það yfirleitt ótækt nema með afturbeygðu fornafni eða forsetningarlið (dæmi og dómar frá Holmberg og Platzack 1995:190):

- (30) a. Jag bakade **min mor** en kaka
Ég bakaði móður minni köku
b. Jon grävde **mej** en grop
Jón gróf mér holu

- (31) a. ??Ég bakaði mömmu minni köku
b. ??Þeir byggðu Jóhannesi hús

Þrátt fyrir það er til flokkur tveggja andlaga sagna, áður nefndar njótendasagnir, sem heimilar þessa notkun njótenda.

2.6 Samantekt

Í þessum kafla hefur verið fjallað um ýmis grundvallaratriði í tengslum við tveggja andlaga sagnir í íslensku. Þær taka með sér beint og óbeint andlag og birtast í a.m.k. fimm fallamynstrum. Sagnir sem eru með óbeint andlag í þágufalli og beint andlag í þolfalli (PGF-ÞF) eru langalgengastar og mynda kjarna tveggja andlaga sagna að vissu leyti. Þær hafa ýmsa sérstöðu gagnvart hinum fallamynstrunum, þ.e. PGF-PGF, PGF-EF, ÞF-PGF og ÞF-EF. Ein slík sérstaka nefnist umröðun og felst í því að andlög PGF-ÞF-sagna geta ekki einungis komið fyrir í orðaröðinni ÓA-BA heldur líka BA-ÓA. Í næsta kafla verður fjallað nánar um umröðun og það sem fræðimenn hafa skrifað um hana.

3 Fræðilegt yfirlit

Tiltölulega lítið hefur verið skrifað um umröðun tveggja andlaga sagna í tímans rás og þá yfirleitt aðeins í framhjálaupi eða í tengslum við önnur viðfangsefni. Þó má nefna greinar eftir Zaenen, Maling og Höskuld Þránínsson (1985), Falk (1990), Kjartan G. Ottósson (1991), Collins og Höskuld Þránínsson (1996) og Dehé (2004) og bókarkafla eftir Holmberg og Platzack (1995) sem fjalla að miklu eða mestu leyti um umröðun. Í þessum kafla verður fjallað um það helsta sem hefur verið skrifað um fyrirbærið.

3.1 Frestun þungs nafnliðar

Í upphafi er mikilvægt að greina umröðun frá frestun þungs nafnliðar (FÞNL). Með FÞNL er átt við það þegar fyrirferðarmiklir eða „þungir“ liðir eru færðir aftar í setninguna. Eins og sjá má í (32) er ótækt að breyta röð andlaganna nema beina andlagið sé þungur liður. Þessi munur orsakast af því að umröðun er annaðhvort grunnmynduð setningagerð (Sjá 3.2.2) eða vinstri færsla beina andlagsins, sem er yfirleitt talin ótæk með sögnum öðrum en ÞGF-ÞF-sögnum, en FÞNL er hægri færsla sem stýrist af þyngd óbeina andlagsins og getur verkað m.a. á allar tveggja andlaga sagnir (Höskuldur Þránínsson 2005:587-588).

- (32) a. Sjórinn svipti [gömlu konuna] fyrirvinnunni
b. *Sjórinn svipti fyrirvinnunni [gömlu konuna]
c. Sjórinn svipti [gömlu konuna sem býr niðri við sjóinn] fyrirvinnunni
d. Sjórinn svipti fyrirvinnunni [gömlu konuna sem býr niðri við sjóinn]

Einnig er munur á umröðun og FÞNL m.t.t. bindimöguleika. Beina andlagið getur verið undanfari fyrir afturbeygt fornafn innan óbeina andlagsins, þ.e. bundið það, í umröðunarsetningum en ekki í FÞNL. Þetta segir Höskuldur Þránínsson (2007) að bendi til þess að FÞNL hafi eiginleika fjölliðafærslu (*A'-movement*), þ.e. hún skapi ekki nýja bindimöguleika eða eyði gömlum, en að umröðun hafi eiginleika grunnmyndaðrar setningagerðar eða rökliðafærslu (e. *A-movement*).

- (33) a. Þau sýndu krakkana_i foreldrum sínum_i
b. *Sjórinn svipti manninum_i [gömlu konuna sína_i sem allir vorkenndu svo mikið]_i

Kjartan G. Ottósson (1991) greinir á milli umröðunar og FPNL og sýnir fram á að atviksorð geti komið á milli andlaganna í FPNL en ekki í umröðun eins og eftirfarandi dæmi sýna:

- (34) a. Ég gaf bókina Bandaríkjamanni **í fyrra**
b. ?Ég gaf bókina **í fyrra** Bandaríkjamanni
c. Ég gaf bókina **í fyrra** Bandaríkjamanni sem vantaði hana

En hvað er nákvæmlega átt við þegar talað er um *þunga* liði? Er það orða- eða atkvæðafjöldi, setningafræðilegt flækjustig eða eitthvað annað? Er hægt að skilgreina þyngd óháð umhverfi eða er hún alltaf hlutfallsleg? Það er ekki ljóst og jafnvel þótt það væri hægt að skilgreina þyngd nákvæmlega hjá einum málhafa er alls ekki öruggt að sú skilgreinig gildi fyrir aðra (sjá t.d. umræðu um FPNL hjá Ingunni Hreinberg Indriðadóttur 2017). Í rannsókninni var sú leið farin að samþykkja aðeins ótvíráð umröðunardæmi þar sem beina andlagið er jafnmörg orð og eða fleiri en óbeina andlagið (Sjá kafla 4.2). Þannig er þyngd skilgreind hlutfallslega út frá orðafjölda.

3.2 Formgerð umröðunar

3.2.1 Bindimöguleikar

Eiríkur Rögnvaldsson var fyrstur til að benda á umröðun í meistararitgerð sinni frá 1982.⁸ Það var í tengslum við frestun þungs nafnliðar og bindimöguleika en hann nefndi að honum þætti bæði setningar (35a) og (35b) vera tækar og að óbeina andlagið þyrfti ekki að vera þungt til að koma á eftir beina andlaginu.

- (35) a. Ég gaf piltinum unnustu sína
b. Ég gaf stúlkuna unnusta sínum

En fyrsta eiginlega umfjöllunin um umröðun er í grein um íslenska þolmynd eftir Zaenen, Maling og Höskuld Þránínsson (1985) og snýst að mestu um bindimöguleika. Þau gera grein fyrir því að munur virðist vera á ÞGF-ÞF-sögnum og hinum mynstrunum að því leyti að hvort tveggja andlaganna geti verið undanfari afturbeygðs fornafns með ÞGF-ÞF-sögnum og að óbeina andlagið þurfi ekki að vera sérstaklega þungt til að það geti færst:

- (36) a. Ég gaf konungi ambáttina sína
b. Ég gaf ambáttina konungi sínum

⁸Ritgerðin var gefin út í bókarformi árið 1990 og er það sú útgáfa sem stuðst er við hér.

Kjartan G. Ottósson (1991) fjallar næstur um efnið og segir að einn lykileiginleiki umröðunar sé að beina andlagið geti bundið óbeina andlagið en ekki öfugt. Það bendi til þess að beina andlagið liðstýri því óbeina þegar umröðun á sér stað.

(37) *Jón gaf ambáttina sína_i konunginum_i

Collins og Höskuldur Þráinsson (1996) taka í sama streng og segja að í ljósi þess að umröðun breyti liðstýringunni, þ.e. að óbeina andlagið liðstýri því beina í ómörkuðu orðaröðinni og öfugt í umröðun, þá sé umröðun ekki einhvers konar stílfraðilegt fyrirbæri heldur önnur setningagerð en ómarkaða orðaröðin.

3.2.2 Afleidd eða grunnmynduð formgerð

Í tengslum við bindimöguleika og setningagerð umröðunar gagnvart ómörkuðu orðaröðinni hefur verið rætt hvort umröðun sé afleidd (e. *derived*) eða grunnmynduð (e. *base-generated*) setningagerð. Kjartan G. Ottósson (1991) taldi umröðun vera afleidda setningagerð og nefndi ýmislegt því til stuðnings, t.d. að aðeins ómarkaða orðaröðin gæti tekið frestun þungs nafniðar (eins og Eiríkur Rögnvaldsson 1990 benti á), þ.e. að slíkur munur væri undarlegur ef báðar formgerðirnar væru grunnmyndaðar:

- (38) a. ?Ég gaf t_j unnustu sína_i [piltinum sem hafði beðið óþreyjufullur í mörg ár]_j
 b. *Ég gaf t_j unnusta sínum_i [stúlkuna sem allir strákarnir voru á höttunum eftir]_j

Kjartan nefndi líka brennidepilseiginleika (e. *focus properties*), þ.e. að færða (beina) andlagið mætti helst ekki vera í brennidepli eða allavega ekki meiri brennidepli en ófærða (óbeina) andlagið, og sagði að grunnmyndaðar formgerðir lytu yfirleitt ekki slíkum hömlum (sjá einnig kafla 3.3).

Falk (1990) og Holmberg og Platzack (1995) telja hins vegar að um grunnmyndaða orðaröð sé að ræða. Holmberg og Platzack (1995) segja meðal annars að hugmyndin um að umröðun sé afleidd brjóti í bága við afstæða hindrun (e. *Relativized Minimality*). Þeir segja líka út frá greiningu sinni á andlagsstökki (e. *object shift*) að ef umröðun væri afleidd formgerð ætti hún að vera möguleg með áherslulausu fornafni í meginlandsskandinavísku, sem hún er ekki (Holmberg og Platzack 1995:213):

(39) *Jag har gett den/boken ett bibliotek
 Ég hef gefið hana/bókina bókasafni

Þeir segja líka að ekki væri hægt að spá fyrir um hliðstæðuna milli umröðunar og *to*-formgerðarinnar (sjá kafla 3.2.4) ef umröðun væri ekki grunnmynduð.

3.2.3 UTAH (Baker 1988)

Í tengslum við umræður um formgerð umröðunar er áhugavert að nefna tilgátu Bakers (1988) um úthlutun merkingarhlutverka (e. *Uniformity of Theta-Assignment Hypothesis*, UTAH) sem mætti þýða þannig:

(40) UTAH (Baker 1988):

*Samskonar merkingarvensl milli eininga koma fyrir sem samskonar formgerðarvensl milli sömu eininga í djúppgerð.*⁹

Samkvæmt tilgátunni yrði því sama formgerðin að liggja að baki umröðunarsetningum og setningum með ómarkaða röð andlaga, að því gefnu að sömu merkingarvensl séu milli rökliðanna og að setningarnar þýði þ.a.l. nákvæmlega það sama. Þannig væri aðeins hægt að fá umröðun með afleiðslu.

3.2.4 Umröðun vs. *to*-formgerðin

Nokkuð hefur verið rætt um það hvort umröðun í íslensku samsvari *to*-formgerðinni (e. *to-construction*) í ensku og meginlandsskandínavísku. Hin svokallaða *to*-formgerð er formgerð þar sem forsetningarliður (sem samsvarar óbeinu andlagi) fylgir beinu andlagi. Það sem er líkt með umröðun og *to*-formgerðinni er að beina andlagið kemur á undan því óbeina, eða því sem samsvarar því óbeina, í línulegri röð (dæmi frá Holmberg og Platzack 1995):

(41) John gave the book to Mary

Líkt og áður hefur verið rætt er slík setningagerð yfirleitt ótæk með ÞGF-ÞF-sögnum en yfirleitt tæk með öðrum tveggja andlaga sögnum. Með ÞGF-ÞF-sögnum virðist vera að andlag forsetningarinnar geti ekki verið viðtakandi eða skynjandi en megi vera mark, t.d. stofnun (Holmberg og Platzack 1995).¹⁰

⁹The Uniformity of Theta-Assignment Hypothesis (UTAH): „Identical thematic relationships between items are represented by identical structural relationships between those items at the level of D-structure“ (Baker 1988).

¹⁰Reyndar er mögulegt fyrir ÞGF-ÞF-sögnina *senda* að taka með sér beint andlag og forsetningarlið með lifandi óbeinu andlagi ef það er skynjað sem mark en ekki viðtakandi. Í (i) er Jón ekki eiginlegur viðtakandi eða nýr eigandi bréfsins þótt það sé stílað á hann heldur mark, endapunktur hreyfingarinnar (athugasemd frá Halldóri Á. Sigurðssyni í Holmberg og Platzack 1995).

(i) Ég sendi bréfið til Jóns

- (42) a. Hún gaf bókina til háskólans/*Jóns
 b. *Ég sagði söguna til þeirra/*fyrir þeim
 c. Hún skilaði bókinni til Jóns
 d. Þeir ætluðu að ræna veskinu af mér

(Holmberg og Platzack 1995:207) og Falk (1990) telja að umröðun sé í rauninni bara *to*-formgerð án forsetningar en með morfológískt fall og fókus í staðinn.

3.2.5 Þetastigveldið

Holmberg og Platzack (1995) álíta að merkingarhlutverk andlaganna skipti máli m.t.t. umröðunar. Þeir segja að óbeint andlag í þágufalli geti ekki verið hreinn skynjandi (e. *pure experiencer*) í umröðun og að það skýrist af þetastigveldinu, sem segi að þema sé fyrir neðan skynjanda en fyrir ofan mark. Þess vegna verði þriðji rökliðurinn í umröðunarsetningum að vera mark því þema megi ekki koma á undan skynjanda. Því til stuðnings nefna þeir dæmi (Holmberg og Platzack 1995:208):

- (43) a. Hann gaf öllum kennurum sama tækifærið
 b. *Hann gaf sama tækifærið öllum kennurum
- (44) a. Þetta gaf nokkrum bændum þessa hugmynd
 b. *Þetta gaf þessa hugmynd nokkrum bændum

Að sögn þeirra eru fyrirbæri eins og tækifæri eða hugmyndir þess eðlis að þau eru ekki flutt frá uppsprettu (e. *source*) til marks heldur séu þau *skynjuð* og þar af leiðandi er óbeina andlagið skynjandi og setningin ótæk út frá þetastigveldinu.

3.3 Ákveðni og áhersla

Kjartan G. Ottósson (1991) fjallar um brennidepilsiginleika (e. *focus properties*) og ákveðni andlaga í tengslum við umröðun. Hann segir að færða (beina) andlagið megi helst ekki vera í brennidepli eða allavega ekki í meiri brennidepli en ófærða (óbeina) andlagið. Þannig sé beina andlagið yfirleitt ákveðið í umröðun en geti verið óákveðið ef óbeina andlagið er það líka.

- (45) a. Ég mun gefa bókina einhverju bókasafni
 b. ??Ég mun gefa bók einhverju bókasafni
 c. Ég mun gefa hana einhverju bókasafni

- (46) a. *Ég mun gefa einhverja bók bókasafninu
 b. *Ég mun gefa einhverja bók bókasafni
 c. *Ég mun gefa einhverja bók því
- (47) a. Ég mun gefa bókina bókasafni
 b. Ég mun gefa hana bókasafni
 c. Ég mun gefa einhverja bók einhverju bókasafni

Collins og Höskuldur Þráinsson (1996) bæta við að umröðun krefjist þess að óbeina andlagið sé með einhverri áherslu og geti því ekki verið áherslulaust fornafn líkt og *honum* eða *hana*, borið fram *'onum* og *'ana* (dæmi 48c er viðbót Höskuldur Þráinssonar 2007):

- (48) a. Þeir gáf *'onum 'ana*
 b. *Þeir gáf' *'ana 'onum*
 c. Þeir gáf' *'ana HONUM*

Þeir segja líka að áhersluþátturinn sé ekki auðveldlega skynjaður en komi fyrir þegar óbeina andlagið sé fornafn og að hann sé meira áberandi þegar dautt (e. *inanimate*) beint andlag komi á undan lifandi (e. *animate*) óbeinu andlagi. Þannig gefi áhersla í skyn markaða orðaröð.

3.4 Lifun

Líkt og kom fram hér fyrir ofan nefna Collins og Höskuldur Þráinsson (1996) í framhjáhlaupi að lifun (e. *animacy*) hafi áhrif á áhersluþáttinn og skipti þ.a.l. einhverju máli fyrir umröðun.

Dehé (2004) tekur þetta fyrir vegna þess að lifun er talin hafa áhrif á umröðun tveggja andlaga sagna í þýsku (sjá tilvitnanir hjá henni). Í rannsókn hennar voru málhafar látnir dæma íslenskar umröðunarsetningar sem höfðu ýmist tvö lifandi andlög eða beint dautt andlag á undan óbeinu lifandi andlagi í umröðun. Ef lifun skiptir máli fyrir umröðun í íslensku ættu setningarnar með tvö lifandi andlög, þ.e. núllstilltan lifunarþátt, að vera betri en hinar. Þvert á spána fannst málhöfum í könnun Dehé hins vegar allar umröðunarsetningar vera jafnslæmar burt séð frá lifunarstigi andlaganna.

Það er því ekki alveg ljóst hvort eða að hve miklu leyti lifun hefur áhrif á umröðun og hvernig það tengist til dæmis merkingarhlutverkum.¹¹

¹¹Þó má velja fyrir sér dæmum eins og (i). Í (ia) og (ib) eru bæði andlögin lifandi og orðaröðin því eina vísbendingin um merkingarhlutverk, þ.e. hvort sé viðtakandi og hvort þema. Í (ic) og (id),

3.5 Tækleiki umröðunar

Árið 2004 gerði Nicole Dehé rannsókn með dómaprófi á tækleika umröðunarsetninga. Rannsóknin snerist að mestu um hljóðkerfisskilyrði. Fram að þeim tímapunkti hafði almennt verið gert ráð fyrir því að umröðun, í þeim tilfellum sem hún væri yfirhöfuð möguleg, væri fullkomlega tæk hliðstæða við ómörkuðu orðaröðina. Enginn hafði gert nokkurs konar málfararannsókn og dómarnir þá væntanlega byggðir að mestu leyti á máltilfinningu rannsakenda hverju sinni og fræðikenningum.

Út frá því sem hafði verið skrifað um umröðun spáði hún fyrir að:

- (49)
- Ómarkaða röðin $ÓA > BA$ kæmi fyrir í öllum tilvikum
 - Umröðun væri möguleg þegar BA væri í brennidepli, bæði andstæðum (e. *contrastive*) og óandstæðum (e. *non-contrastive*)
 - Umröðun væri ómöguleg þegar $ÓA$ væri í brennidepli
 - Ef bæði andlöggin hefðu jafna upplýsingastöðu (e. *information status*) væri umröðun ekki eins æskileg og ómarkaða orðaröðin en mögulega ekki alveg ótæk

Niðurstöður Dehé voru á þá leið að umröðun væri alls ekki jafntæk og gert hafði verið ráð fyrir. Eins og búist var við var ómarkaða orðaröðin talin betri í öllum tilvikum og umröðun talin ótæk í þeim tilvikum sem var spáð fyrir að hún væri ótæk. Það sem kom á óvart var hversu slæma dóma umröðun fékk þar sem hún átti að vera í lagi samkvæmt því sem hafði verið skrifað um hana.

3.6 Samantekt

Umröðun verður að greina frá frestun þungs nafnliðar (FPNL). Hún er yfirleitt aðeins tæk með PGF- \bar{P} F-sögnum en er þó mögulega ekki alveg útilokuð með öðrum fallmynstrum. Ýmislegt hefur verið skrifað um formgerð hennar. Bindimöguleikar eru þannig að óbeina andlagið bindur það beina í ómarkaðari orðaröð en því er þveröfugt farið í umröðun. Því má leiða að því líkur að beina andlagið liðstýri því

hins vegar, er annað andlagið ekki lifandi og getur því ekki verið viðtakandi. Þá er spurningin hvort hægt sé að þvinga slíka umröðun til að ganga upp með því að bjóða aðeins upp á eina mögulega túlkun á hlutverkum rökliðanna:

- | | | |
|--------|----------------------------------|---------------------------------------|
| (i) a. | Ég skilaði foreldrunum börnunum | (Ég skilaði börnunum til foreldranna) |
| b. | *Ég skilaði börnunum foreldrunum | (Ég skilaði börnunum til foreldranna) |
| c. | Ég skilaði foreldrunum bókunum | (Ég skilaði bókunum til foreldranna) |
| d. | ??Ég skilaði bókunum foreldrunum | (Ég skilaði bókunum til foreldranna) |

óbeina í umröðun. Sumir telja hana grunnmyndaða formgerð en aðrir afleidda. Sumir telja umröðun vera samskonar formgerð og *to-construction* í ensku en aðrir ekki. Merkingarhlutverk andlaga og þetastigveldið gætu haft áhrif á möguleika til umröðunar. Ákveðni og áhersla hafa áhrif á umröðun því beina andlagið má helst ekki vera í brennidepli (e. *focus*) eða a.m.k. ekki meiri brennidepli en það óbeina. Lifun andlaga hefur mögulega áhrif á umröðun og má þá fyrra andlagið í línulegri röð helst ekki vera minna lifandi en það seinna. Þrátt fyrir öll fræðileg skrif voru niðurstöður einu málfakönnunarinnar sem hefur verið gerð á tækleika umröðunar á þá leið að jafnvel bestu mögulegu umröðunarsetningarnar væru í besta falli vafasamar og í versta falli ótækar.

4 Rannsóknaraðferð

4.1 Sagnir

Áður en hafist er handa við rannsóknina er nauðsynlegt að gera grein fyrir sögnunum sem voru notaðar. Eins og áður hefur komið fram er umröðun ÞGF-ÞF-sagna meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Þar af leiðandi var aðeins leitað að dæmum með sögnum sem taka óbeint andlag í þágufalli og beint andlag í þolfalli.¹² En þar með er ekki öll sagan sögð. Til að gera leitina hnitmiðaðri fyrir nútímaíslensku var ákveðið að nota ekki eftirfarandi sagnir, sem lúta ýmsum takmörkunum í tengslum við hvaða andlög þau geta tekið og eru þ.a.l. óheppilegar til rannsóknar á umröðun:

- (50) a. Sagnir sem taka aðeins afturbeygt óbeint andlag
- b. Sagnir sem eru aðeins notaðar í föstum orðasamböndum
- c. Sagnir sem eru ekki eða að mjög litlu leyti virkar í nútímamáli

Sagnir sem taka aðeins afturbeygt óbeint andlag er nokkuð auðvelt að þekkja, sbr. dæmin í (51). Afturbeygðar tveggja andlaga sagnir af því tagi eru eðli málsins samkvæmt með afar *létt* óbeint andlag og geta því varla eða alls ekki tekið umröðun, sbr. það sem hefur verið rætt hér ofan um þyngd liða. Eins eru þær yfirleitt með óákveðið beint andlag, sem er annað atriði sem gerir umröðun erfiða. Þess vegna eru þær ekki hafðar með í rannsókninni.

- (51) a. Ég hitaði **mér** kaffi
*Ég hitaði kaffi **mér**
*Ég hitaði **honum** kaffi
- b. Hann einsetti **sér** markmið
*Hann einsetti markmið **sér**
*Hann einsetti **Jóni** markmið

Málið flækist hins vegar þegar horft er til sagna sem eru aðeins notaðar í föstum orðasamböndum. Það er ekki alveg augljóst hvað telst fast orðasamband en í rannsókninni var ákveðið að nota ekki sagnir sem eru aðeins notaðar með 1-2 mögulegum beinum andlögum, sbr. það sem var sagt hér að framan um sagnir sem eru takmarkaðar í tengslum við andlögin sem þær geta tekið.

Dæmi (52) inniheldur sögn sem er aðeins notuð (með tveimur andlögum) í einu föstu orðasambandi. Dæmi (53) inniheldur sögn sem er notuð í tveimur föstum orðasamböndum en er sennilega ótæk með einhverju öðru beinu andlagi.

¹²Á kerfisbundinn hátt þ.e.a.s. Sjá kafla 5.2.1 fyrir umræðu um sagnir aðrar en ÞGF-ÞF-sagnir.

- (52) a. Þetta hús byrgir mér sýn
*Þetta hús byrgir mér útsýni/leið...
- (53) a. telja e-m trú um eitthvað
telja e-m hughvarf
*telja e-m skilning/skoðanaskipti...

Svipaðir flokkunarerfiðleikar eru uppi á teningnum varðandi sagnir sem eru ekki notaðar í nútímamáli. Sennilega tilheyrja margar þeirra málkerfi einhvers núlifandi málhafa íslensku en myndu þó seint teljast nútímaíslenska. Hvatningin að baki niðurskurðinum var hins vegar sú að kanna aðeins sagnir sem tilheyrðu málkerfi flestra eða allra núlifandi málhafa til að fá fjölbreyttari og marktækari gögn við leit í Risamálheildinni. Því studdist höfundur að einhverju leyti við eigin málkennd, óformlega tíðniathugun í Risamálheildinni, álit annarra o.s.frv.¹³ Slík flokkun verður aldrei óumdeild en draga þarf línuna einhvers staðar.

Í (54) eru dæmi um sagnir sem teljast tæplega til nútímaíslensku, þ.e. tveggja andlaga notkunin a.m.k. (dæmi úr Ritmálssafni Orðabókar Háskólans 2019):

- (54) a. [...] því þat **orkar** honum ærinn sárs-auka (LFR I, 157)
orka e-m e-ð: útvega/afla e-m e-ð
- b. Það má innbyrta Dönnum Allt (BGröndRit II, 247)
innbyrta e-m e-ð: telja e-m trú um e-ð
- c. [...] smalinn varð fyrri, komst fyrir dyrnar, og **varði** Arnesi inngaungu (JÁÞj II, 244)
verja e-m e-ð: hindra e-n að fá eða komast e-ð

Í viðauka eru allar sagnirnar taldar upp, bæði þær sem voru notaðar í rannsókninni og þær sem voru skornar niður.

4.2 Tvíræðni

Dæmi, sem líta við fyrstu sýn út eins og umröðun, geta haft a.m.k. tvær aðrar undirliggjandi formgerðir. Önnur er frestun þungs nafnliðar (FPNL) eins og hefur verið rætt í kafla 3.1. Hin er mögulegur eignarfallslíður í stað óbeina andlagsins. Í dæmi (55) gæti *lögreglu* annaðhvort verið óbeint andlag í umröðun eða eignarfallslíður og það er engin leið að sjá hvaða formgerð liggur að baki.

¹³Sú hugmynd kom upp að fletta sögnunum upp í orðtíðnibók en gallinn við það er að ýmsar sagnir eru ekki eingöngu notaðar með tveimur andlögum og sumar eru mun algengari með einu andlagi en tveimur. Slíkar talningar greina ekki þar á milli og mér er ekki kunnugt um tíðnitölur yfir íslenskar tveggja andlaga sagnir.

(55) Þeir tryggðu aðgang **lögreglu**

Einnig ber að nefna dæmi þar sem ákveðin gerð af forsetningarlið kemur á eftir óbeina andlaginu. Ein vísbending um að þetta sé ekki umröðun er að formgerðin er einnig möguleg með sögnum sem leyfa ekki umröðun, t.d. *skila*.

- (56) a. Ég afhenti bókina honum **til eignar**
b. Ég skilaði bókinni Jóni **til afnota**

Til þess að reyna að útiloka áhrif þessarar tvíræðni verða aðeins talin með dæmi þar sem bæði andlögin eru nokkurn veginn jafnþung (eða óbeina andlagið léttara) og þar sem er alveg ljóst að óbeina andlagið er ekki eignarfallsliður, t.d. út frá samhengi eða orðmynd.

Skilgreiningin á umröðun sem gengið verður út frá hér miðast við hlutfallslega þyngd, þ.e. að beina andlagið sé ekki fornafn og að það innihaldi jafnmörg eða fleiri orð en óbeina andlagið. Ástæðan fyrir því er að þegar beina andlagið er (áherslulaust) fornafn er nær öruggt að um FPNL sé að ræða. Það sama gildir um dæmi þar sem óbeina andlagið er þyngra en það beina. Því miðast þessi skilgreining við að fá eins mörg ótvíræð umröðunardæmi og mögulegt er.

4.3 Dæmaleit

Kjarni rannsóknarinnar er dæmaleit í Risamálheildinni (Steinþór Steingrímsson o.fl. 2018), sem býður upp á gífurleg tækifæri í málfræðirannsóknum sökum stærðar og leitarmöguleika. Tilgangurinn er að sjá hvort tíðni umröðunar með hinum ýmsu sögnum segi okkur eitthvað um eðli fyrirbærisins. Rannsókninni er ekki ætlað að gefa nákvæmar tölur heldur aðeins grófar vísbendingar.

Risamálheildin (<http://malheildir.arnastofnun.is/>) er gagnagrunnur fyrir markaða íslenska texta og inniheldur yfir milljarð orða.¹⁴ Hún er unnin á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og er aðgengileg öllum á netinu. Risamálheildinni er skipt í margar undirmálheildir eftir því hvaðan textarnir koma, t.d. úr vef- og prentmiðlum, útgefnum bókum og stjórnsýslunni. Í þessari rannsókn var leit-in takmörkuð við tvær undirmálheildir: Alþingisræður og vefmiðilinn Vísi.is. Helsta ástæðan mín fyrir því að nota ekki alla Risamálheildina er að hún er, eins og nafnið gefur til kynna, risastór og það gafst ekki rúm fyrir svo umfangsmikla rannsókn að þessu sinni.

¹⁴Sjá frekari upplýsingar á <http://www.malfong.is/?pg=rmlh>

Ég valdi Alþingisræður sem fulltrúa þess sem mætti kalla formlegt mál og til að fá máldæmi frá meirihluta tuttugustu aldar til 2017. Svo valdi ég Vísi.is til að fá fjölbreytt nútímamál frá árunum 2004-2017, t.d. viðtöl við alls konar fólk, og fréttir um ýmislegt. Þegar þetta er skrifað innihalda Alþingisræðurnar u.þ.b. 234 milljónir tóka, þ.e. orð og greinarmerki, og Vísir.is u.þ.b. 120 milljónir tóka. Saman mynda þessar undirmálheildir um fjórðung Risamálheildarinnar.

Eins og áður var sagt er Risamálheildin mörkuð málheild (e. *tagged corpus*). Í stuttu máli sagt felst mörkun í því að merkja hvert orð með marki (e. *tag*) sem sýnir orðflokk og málfræðileg atriði eins og fall, kyn og tölu fallorða, tíð, persónu og tölu sagna o.s.frv. Þannig er ekki aðeins hægt að leita að ákveðnum textastreng heldur líka hægt að setja skilyrði um málfræðiupplýsingar orðsins sem maður leitar að eða orðanna í kring.

Málið flækist þó við leit að setningafræðilegu fyrirbæri eins og umröðun. Eins og hefur verið rakið snýst umröðun um andlög tveggja andlaga sagna. Andlög eru liðir sem geta verið eitt eða fleiri orð. Þess vegna er snúið að leita að umröðun eftir stökum orðum. Einfaldur leitarstrengur eins og *sögn + orð í þolfalli + orð í þágufalli* getur skilað umröðunardæmum en hann getur líka skilað ýmsu öðru og því þarf að taka niðurstöðunum með ákveðnum fyrirvara. Þess vegna þarf að fara yfir niðurstöðurnar og taka út það sem á ekki við.

Við leitina notaði ég fjóra leitarstrengi fyrir hverja sögn; tvo til að leita að dæmum um umröðun og frestun þungs nafnliðar (57a og 57b) og tvo til að leita að dæmum um ómarkaða orðaröð til viðmiðunar (57c og 57d). Svo fór ég handvirkt yfir allar leitarniðurstöðurnar fyrir umröðun og FPNL og tindi út dæmin sem áttu ekki við.

Í leitinni að ómörkuðu orðaröðinni fór ég **ekki** yfir niðurstöðurnar heldur miðaði bara við dæmafjöldann sem leitin skilaði vegna þess að sú leit skilaði bæði nákvæmari niðurstöðum en leitin að umröðun/FPNL (m.a. því það komu upp færri vitlausar markanir og annars konar formgerðir) og þar að auki voru dæmin svo mörg að það var ekki fýsilegt að fara yfir þau öll handvirkt. Þó þarf auðvitað að taka niðurstöðunum með ákveðnum fyrirvara enda var ætlunin ekki að fá nákvæmar tölur heldur aðeins grófa hugmynd.

- (57) a. lemma (orðfl. = so.) + þf. + þgf.
b. lemma (orðfl. = so.) + þf. + þf. + þgf.
c. lemma (orðfl. = so.) + þgf. + þf.
d. lemma (orðfl. = so.) + þgf. + þgf. + þf.

Lemma er nefnimynd orðs sem er tengd við allar beygingarmyndir þess. Í tilfalli sagnorða er það nafnháttur sagnarinnar. Þannig þarf t.d. bara að slá inn lemmuna *greiða* til að leita að öllum beygingarmyndum sagnarinnar í öllum persónum, tölum og háttum (t.d. *greiði*, *greiðir*, *greiddi*, *greiddu*, *greiddum* o.s.frv.). Orðflokkurinn sagnorð er skilgreindur til þess að fá ekki upp aðra orðflokka en sagnorð, t.d. nafnorð með sömu orðmynd, eins og *greiða*. Beygingarþættirnir þf. og þgf. standa fyrir orð í þolfalli eða orð í þágufalli. Þannig er þetta bara leit að tiltekinni sögn sem fer beint á undan einu eða tveimur orðum í tilteknu falli sem fara beint á undan a.m.k. einu orði í öðru falli.¹⁵

4.4 Samantekt

Í rannsókninni voru aðeins notaðar sagnir sem eru virkar í nútímamáli og lúta ekki miklum takmörkunum m.t.t. mögulegra andlaga. Þess vegna voru úreltar sagnir og sagnir sem er aðeins hægt að nota afturbeygt og í föstum orðasamböndum ekki hafðar með. Umröðun er skilgreind út frá hlutfallslegri þyngd og miðast við að beina andlagið sé ekki fornafn og innihaldi jafnmörg eða fleiri orð en óbeina andlagið. Þannig er hún greind frá frestun þungs nafnliðar (FPNL). Uppistaða rannsóknarinnar er dæmaleit í tveimur undirmálheildum Risamálheildarinnar, þ.e. Alþingisræðum og Vísi.is. Leitað var að dæmum um umröðun og FPNL annars vegar og ómörkuðu orðaröðina hins vegar með 85 PGF-þF-sögnum. Farið var handvirkt yfir niðurstöður leitarinnar að umröðun/FPNL og dæmi sem áttu ekki við voru tínd út. Ekki var farið yfir niðurstöður leitarinnar að ómörkuðu orðaröðinni en heildardæmafjöldi aðeins hafður til viðmiðunar. Leitinni er ekki ætlað að gefa nákvæmar tölur heldur aðeins grófar vísbendingar.

¹⁵Sá annmarki er á þessari leit að hún nær aðeins til fyrri andlaga sem eru tvö orð eða færri þar sem ekki gafst rúm til að leita handvirkt að fleiri strengjum að þessu sinni, sem útilokar mögulega einhver umröðunardæmi, en það verður að duga þangað til það verður mögulegt að leita eftir formgerð í þáttaðri Risamálheild.

5 Niðurstöður

5.1 Yfirlit

Dæmaleitin í Risamálheildinni skilaði samtals 188.552 dæmum um notkun tveggja andlaga sagnanna sem rannsóknin náði til. Það fundust 447 dæmi um umröðun (0,24%), 4111 dæmi um FPNL (2,18%) og 183.994 dæmi um ómörkuðu orðaröðina (97,58%). Af öllum dæmunum þar sem beint andlag kemur á undan óbeinu andlagi í línulegri röð, þ.e. umröðun og FPNL, myndar umröðun 9,81% og FPNL 90,19%.

Algengasta sögnin er *gefa*, með 32.123 dæmi, *selja* er með flest umröðunardæmi, alls 119, og *veita* er með flest FPNL-dæmi, alls 845. Hæsta umröðunarhlutfallið hefur *endurleigja* (50%, 1 af 2 samtals dæmum) og *framlána* er með hæsta FPNL-hlutfallið (100%, 2 af 2 samtals dæmum). Það eru þó svo fá dæmi samtals um þær sagnir að það er ekki að marka þær tölur.

	Heildarfjöldi	%
Umröðun	447	0,24%
FPNL	4.111	2,18%
Ómörkuð orðaröð	183.994	97,58%
Samtals	188.552	100%

Tafla 1: Yfirlit

Af þeim 85 sögnum sem var leitað að fundust umröðunardæmi með 41 en engin umröðunardæmi með 44. Í (58) eru allar sagnir sem fundust umröðunardæmi með ásamt fjölda umröðunardæma og í (59) eru allar sagnirnar sem ekki fannst neitt umröðunardæmi með.

- (58) selja (119), afhenda (55), helga (45), veita (43), fela (34), tileinka (18), kynna (15), gefa (12), leigja (10), sýna (9), opna (9), ljá (9), birta (8), bjóða (7), senda (5), færa (5), greiða (5), tryggja (5), lána (4), tilkynna (3), flytja (2), ánafna (2), framselja (2), bera (2), þakka (2), kenna (2), endurleigja (1), endurselja (1), endurlána (1), gjalda (1), boða (1), banna (1), endurgreiða (1), eigna (1), skulda (1), rétta (1), bæta (1), leyfa (1), segja (1), skapa (1), fá (1)
- (59) auðsýna, auðvelda, auka, ábyrgjast, borga, byrja, dæma, endurborga, endurgjalda, endursenda, framlána, framleigja, fyrirgefa, hamla, handsala, heimila, hlaða, innprenta, innræta, játa, kunngera, launa, létta, lofa, meina, miðla,

opinbera, ráðleggja, reisa, rita, setja, skaffa, skammta, skenkja, skrifa, sverja, syngja, torvelda, útvega, velja, vilja, vinna, yrkja, ætla

Það er til marks um hve sjaldgæft fyrirbæri umröðun er að með flestum sögnum fannst ekkert dæmi um hana og með þeim sögnum sem fannst dæmi með eru þau oftast bara örfá. Til að mynda eru aðeins níu sagnir af 85 með tíu eða fleiri umröðunardæmi.

5.2 Samanburður við fyrri skrif

Ein helsta spurningin varðandi niðurstöður rannsóknarinnar hlýtur að vera hversu vel þær samræmast því sem fræðimenn hafa áður skrifað um eðli og skilyrði umröðunar (sjá kafla 3). Nú verður farið yfir nokkur atriði þar að lútandi.

5.2.1 Umröðun með öðrum sögnum en ÞGF-ÞF

Í allri umfjöllun um umröðun í íslensku hefur verið gengið út frá því að hún sé aðeins möguleg með ÞGF-ÞF-sögnum eins og *gefa*:

- (60) a. Ég gaf Jóni bókina
b. Ég gaf bókina Jóni

Því til stuðnings hafa verið nefnd nokkur dæmi um ótækar umröðunarsetningar með sögnum öðrum en ÞGF-ÞF sögnum, oftast ÞGF-ÞGF (61a) eða ÞF-ÞGF (61b):

- (61) a. Þeir leyndu öll börn sannleikanum/*sannleikanum öll börn (Holmberg og Platzack 1995)
b. Forstjórinn svipti manninn vinnunni/*vinnunni manninn (Collins og Höskuldur Þráinsson 1996)

En er umröðun virkilega aðeins möguleg með ÞGF-ÞF-sögnum? Meðfram því að leita að umröðunardæmum með ÞGF-ÞF-sögnum hef ég prófað að leita að algengustu sögnunum í hinum flokkunum og fundið nokkur möguleg dæmi. Þetta er þó birt með þeim fyrirvara að í öllum tilvikum er óbeina andlagið örlítið þyngra en það beina hvað varðar atkvæða- eða orðafjölda. Þar að auki er beina andlagið í öllum tilvikum óákveðið, sem bendir sennilega til þess að um FPNL sé að ræða.

- (62) a. [...] biðja afsökunar aðrar þjóðir á athöfnum okkar, [...]
b. [...] varð hann æfur og bað aðstoðar konu sína að hringja í lögreglu og var hún komin innan 3 mín.

- c. [...] síður og kurteisi hér á þinginu að ef menn spyrja spurninga annan þingmann, [...]
- d. [...] því hverjum á forseti að fela það vald að ákveða hvort hann synji staðfestingar lagafrumvarpi?

Ég hef ekki fundið nein möguleg umröðunardæmi með ÞF-ÞGF¹⁶ eða ÞGF-ÞGF sögnum. Hið síðarnefnda skýrist sennilega af því að þar eru bæði andlöggin í sama falli og þess vegna er orðaröð eina leiðin til að aðgreina þau, sérstaklega þegar bæði andlöggin eru lifandi verur.

5.2.2 Tíðni og tækleiki

Það kemur ekki á óvart að umröðun sé mun sjaldgæfari en ómarkaða orðaröðin og að beina andlagið sé yfirleitt léttara en það óbeina þegar það fer á undan. Hins vegar kemur e.t.v. á óvart hversu sjaldgæf umröðun er, þ.e. aðeins 0,24% af heildarnotkun tveggja andlaga sagna, og hversu sjaldgæft það er að beina andlagið sé jafnpungt eða þyngra en það beina þegar andlöggunum er víxlað, þ.e. aðeins 9,81% af þeirri notkun.

En þrátt fyrir að umröðun sé sjaldgæf fundust nokkur hundruð dæmi um hana í náttúrulegum gögnum. Þá er fróðlegt að rifja upp málfafarannsókn Dehé (2004), en hún fékk þau svör að umröðun væri í besta falli undarleg og í versta falli ótæk. Í tengslum við það verður að teljast áhugavert að það hafi fundist slíkur fjöldi náttúrulegra dæma, þ.á m. með sögnum sem voru til athugunar hjá henni, *sýna* (63) og *afhenda* (64).¹⁷

- (63) a. [...] til þess að fyrirbyggja það, að þjóðir, sem daglega **sýna slíka lítilsvirðingu mannréttindum**, nái hér yfirráðum [...] (Alþingisræður 1962)
- b. Mér finnst að hún hafi **sýnt aðdáunarvert fordæmi öðrum ráðherrum** í því bæði að vera viðstödd fyrirspurnatíma í gær og [...] (Alþingisræður 2000)

¹⁶Reyndar má geta þess til gamans að ég gerði óformlega málfafakönnun á nokkrum í kringum mig varðandi sögnina *gifta* og útbjó umröðunardæmi (i) þar sem andlöggin tvö eru jafnpungt að orða- og atkvæðafjölda. Flestum aðspurðum, sem samþykktu umröðun yfirleitt, fannst (ib) vera tæk setning, en í ómarkaðri orðaröð fer þolfallið á undan þágufallinu.

- (i) a. Enginn í þorpinu vildi gifta dóttur sína (þf.) Jóni bjána (þgf.)
- b. Enginn í þorpinu vildi gifta Jóni bjána (þgf.) dóttur sína (þf.)

¹⁷Hún prófaði m.a. setningarnar *Hann gaf konunginum ambáttina/ambáttina konunginum* og *Þau sýndu foreldrunum krakkana/krakkana foreldrunum*.

- c. [...] meðal annars með því að **sýna landið ferðamönnum** og nýta umhverfisvænar orkulindir án umhverfisspjalla (Vísir 2006)
- (64)
- a. [...] þegar hann tók landið af Akureyrarkirkju og **afhenti ráðstöfunarréttinn öðrum**, eins og komið hefur hér fram (Alþingisræður 1953)
 - b. [...] að staðgöngumæður [...] upplifðu mikinn missi við að **afhenda barnið foreldrum** o.s.frv. (Alþingisræður 2012)
 - c. Jón Steindór og félagar munu **afhenda undirskriftirnar þinginu** innan tíðar (Vísir 2014)

Slæmar viðtökur umröðunar í dómaprófi þrátt fyrir mörg raunveruleg dæmi um notkun hennar gætu bent til þess að það sé einhver einstaklingsbundinn munur milli málhafa og hvort umröðun sé virkur hluti af mákerfi þeirra en það þarf að rannsaka nánar.¹⁸

5.2.3 Ákveðni, áhersla og þyngd

Rannsóknin staðfestir að einhverju leyti það sem hefur verið skrifað um þyngd liða í tengslum við umröðun þar sem FPNL dæmin eru u.þ.b. tíu sinnum fleiri en umröðunardæmin. Þó fundust ýmis umröðunardæmi sem ættu að vera ótæk eða illmöguleg út frá því sem hefur verið skrifað um ákveðniskilyrði umröðunar.

Líkt og fjallað var um í kafla (3.3) má beina andlagið skv. Kjartani G. Ottóssyni (1991) ekki vera í meiri brennidepli en óbeina andlagið og er því yfirleitt ákveðið í umröðun en getur verið óákveðið ef óbeina andlagið er það líka. Kjartan sýndi svo nokkur dæmi um það sem hann taldi vera tækar og ótækar umraðanir. Til glöggvunar verða þau dæmi sem hann taldi vafasöm eða ótæk endurtekin ásamt svipuðum dæmum sem ég hef fundið.

- (65)
- a. ??Ég mun gefa bók einhverju bókasafni
 - b. *Ég mun gefa einhverja bók bókasafninu
 - c. *Ég mun gefa einhverja bók bókasafni
 - d. *Ég mun gefa einhverja bók því
- (66)
- a. Vegna öryggishagsmuna íslenska ríkisins er ekki hægt að **afhenda öll skjöl Þjóðskjalasafni Íslands** (Alþingisræður 2007)

¹⁸Í aðdraganda ritgerðarinnar bað ég stundum féлага mína að meta og dæma ýmsar umröðunarsetningar og sumir þeirra höfnuðu þeim öllum og fannst formgerðin sem slík einfaldlega ekki ganga upp.

- b. [...] að viðkomandi hafi **sent einhver skjöl skólasystur sinni** [...] (Alþingisræður 1988)
- c. [...] að þurfi að **gjalda jákvæði sambandsslitunum**, til þess að þau séu lögmæt (Alþingisræður 1942)
- d. [...] að **selja ríkisjarðir einstaklingum** (Alþingisræður 1961)
- e. [...] til að **afhenda stofnanir einkaaðilum** (Alþingisræður 2015)
- f. Hún hefur ekkert erindi annað en það að **afhenda eignir einkavinum** (Alþingisræður 2016)

Svo hef ég fundið nokkur dæmi um umröðun þar sem óbeina andlagið er fornafn, sem á varla að vera hægt nema það sé áhersla á því. Ekki er hægt að fullyrða neitt um áherslu í þessum dæmum því þau eru fengin úr ritmáli en þó er nokkuð áhugavert að sjá dæmi um umröðun þar sem óbeina andlagið er mun léttara en það beina.

- (67) a. [...] að ég skuli fá tækifæri til að **segja nokkur orð honum** (Alþingisræður 1989)
- b. Ég tileinka **þennan lax honum** (Vísir 2013)
- c. [...] við ákváðum að **tileinka blaðið þeim** (Vísir 2017)
- d. [...] Gosling **tileinkaði verðlaunin honum** (Vísir 2017)

Þessar undantekningar eru þó aðeins örfáar og spár fræðimanna hafa reynst réttar í megindráttum.

5.3 Munur á sögnum

Nú verður farið yfir ýmsar tölur úr rannsókninni til þess að skoða hvort það sést einhver munur á einstökum sögnum m.t.t. tíðni umröðunar og fleira.

Í fyrsta lagi skiptast sagnirnar u.þ.b. til helminga eftir því hvort það fannst nokkurt umröðunardæmi með þeim. Með þeim helmingi sem fannst umröðunardæmi með eru 26 með minna en 1% umröðunarhlutfall. 13 eru með 1-10% og tvær eru langhæstar með 33,33% og 50% umröðunarhlutfall. Þær eru þó með svo fá samtals dæmi að það skekkir örugglega niðurstöðurnar. Af þeim sögnum sem finnast fleiri en örfá dæmi um er *helga* hæst með tæplega 6% umröðunarhlutfall. Svo má einnig nefna *selja* (3,60%), *birta* (2,26%), *opna* (1,97%) og *afhenda* (1,90%). Í töflu 2 eru sýndar þær tíu sagnir sem eru með hæsta umröðunarhlutfallið.¹⁹

¹⁹UMR = umröðun.

Nr.	Sögn	% UMR	UMR	Öll dæmi
1.	endurleigja	50%	1	2
2.	endurselja	33,33%	1	3
3.	ánafna	8,70%	2	23
4.	helga	5,78%	45	779
5.	selja	3,60%	119	3.303
6.	endurlána	3,13%	1	32
7.	birta	2,26%	8	354
8.	framselja	2,25%	2	89
9.	opna	1,97%	9	458
10.	afhenda	1,90%	55	2.898

Tafla 2: Þær tíu sagnir sem eru með hæsta umröðunarhlutfallið.

Algengustu FÞNL-sagnirnar eru nokkuð áhugaverðar því níu af tíu eru samsettar, þ.e. þær eru forskeyttar með öðru orði: *framlána*, *endurselja*, *tilkynna* o.s.frv. Eina sögnin sem er ekki samsett er *helga*, sem er einnig með langflest dæmi. Það má þó velta fyrir sér hver grunnorðaröð *helga* sé í raun og veru vegna þess hve algengt er að tala um að *helga sig e-u*. Hún er aðeins notuð í ómörkuðu orðaröðinni í um 38% tilvika.

Önnur sögn með hátt FÞNL-hlutfall sem finnst í fleiri en nokkrum eða nokkrum tugum dæma er *tilkynna* (20,61%).

Nr.	Sögn	% FÞNL	FÞNL	Öll dæmi
1.	framlána	100%	2	2
2.	endurselja	66,67%	2	3
3.	helga	56,35%	439	779
4.	endurleigja	50%	1	2
5.	endurlána	50%	16	32
6.	framleigja	42,86%	3	7
7.	endursenda	28,57%	2	7
8.	tilkynna	20,61%	136	660
9.	framselja	17,98%	16	89
10.	kunngera	16,67%	1	6

Tafla 3: Þær tíu sagnir sem eru með hæsta FÞNL-hlutfallið.

Það eru greinilega tengsl mill umröðunar og FÞNL því fjórar sagnir, þ.e. *endurleigja*, *helga*, *endurlána* og *framselja* eru bæði meðal sagnanna með hæsta umröðunarhlutfallið og sagnanna með hæsta FÞNL-hlutfallið.

En hvað með sagnirnar sem engin dæmi um umröðun eða FÞNL fundust með? Hér eru tíu algengustu.

Nr.	Sögn	% UMR	% FPNL	Öll dæmi
1.	setja	0,00%	0,10%	6.958
2.	velja	0,00%	0,09%	3.370
3.	vinna	0,00%	0,67%	2.997
4.	ætla	0,00%	0,38%	2.875
5.	útvega	0,00%	0,10%	1.962
6.	borga	0,00%	1,31%	1.302
7.	auðvelda	0,00%	0,79%	1.139
8.	skammta	0,00%	0,21%	473
9.	létta	0,00%	0,00%	472
10.	skrifa	0,00%	0,00%	456

Tafla 4: Algengustu tíu sagnirnar sem ekkert umröðunardæmi fannst með. FPNL-hlutfall og samtals dæmafjöldi til viðmiðunar.

Nr.	Sögn	% FPNL	% UMR	Öll dæmi
1.	létta	0,00%	0,00%	472
2.	skrifa	0,00%	0,00%	456
3.	reisa	0,00%	0,00%	411
4.	auka	0,00%	0,00%	216
5.	fyrirgefa	0,00%	0,00%	189
6.	vilja	0,00%	0,00%	150
7.	lofa	0,00%	0,00%	138
8.	torvelda	0,00%	0,00%	96
9.	launa	0,00%	0,00%	93
10.	byrla	0,00%	0,00%	64

Tafla 5: Algengustu tíu sagnirnar sem ekkert umröðunardæmi fannst með. FPNL-hlutfall og samtals dæmafjöldi til viðmiðunar.

Það vekur athygli að átta af tíu algengustu sögnunum með ekkert umröðunardæmi eru með einhver FPNL-dæmi en engin af tíu algengustu sögnunum með ekkert FPNL-dæmi er með eitt einasta umröðunardæmi. Algengustu sagnirnar sem eru með ekkert FPNL-dæmi eru líka með mun færri samtals dæmi en algengustu sagnirnar með ekkert umröðunardæmi. Aðeins tvær algengustu af fyrrnefndu sögnunum kæm-ust á topp tíu listann hjá þeim síðarnefndu, og það vill svo til að það eru einmitt sömu sagnirnar, *létta* og *skrifa*, sem eru neðstar á umröðunarlistanum og efstar á FPNL-listanum.

Þessar tölur gætu þýtt að tíðni sagnar og líkurnar á að það finnist umröðunar- eða FPNL-dæmi með henni tengist með einhverjum hætti. Með algengustu 5 sögnunum í rannsókninni fannst a.m.k. eitt umröðunardæmi og með algengustu 38 fannst a.m.k. eitt FPNL-dæmi. Með sjaldgæfustu tíu sögnunum í rannsókninni fannst umröðun-

ardæmi með tveimur og FPNL-dæmi með fjórum. Þannig virðist þurfa samtals færri dæmi um sögn fyrir hvert FPNL-dæmi sem finnst.

5.3.1 *gefa* vs. *afhenda* og *segja* vs. *tilkynna*

Það er forvitnilegt að sumar sagnir skyldrar merkingar hafa mishátt umröðunarhlutfall. Það á til dæmis við um sagnirnar *gefa* og *afhenda* annars vegar og *segja* og *tilkynna* hins vegar því *afhenda* og *tilkynna* eru með mun hærra hlutfall umröðunar (og FPNL) en hinar.

Sögn	% UMR	% FPNL	Öll dæmi
<i>gefa</i>	0,04%	0,64%	32.123
<i>afhenda</i>	1,90%	13,11%	2.898
<i>segja</i>	0,02%	0,76%	5.284
<i>tilkynna</i>	0,45%	20,61%	660

Tafla 6: Umröðunar- og FPNL-hlutfall sagnanna *gefa*, *afhenda*, *segja* og *tilkynna* ásamt heildardæmafjölda.

Líkt og var nefnt hér að framan eiga *afhenda* og *tilkynna* sameiginlegt að vera forskeyttar. Svo er hægt að velta fyrir sér merkingunni og hversu auðveldlega er hægt að sleppa öðru hvoru andlaginu. Reyndar má nefna að sá munur er á *segja* og *tilkynna* að með *tilkynna* en ekki *segja* má setja forsetningarlið með *til* í staðinn fyrir óbeina andlagið:

- (68) a. tilkynna lögreglunni e-ð
 b. tilkynna e-ð **til lögreglunnar**
 c. segja lögreglunni e-ð
 d. *segja e-ð **til lögreglunnar**

Það má líka færa rök fyrir því að viðtakandinn sé veigameiri hluti af grunnmerkingu *gefa* og *segja* og að með þeim sögnum sé erfiðara að sleppa óbeina andlaginu, að merking *afhenda* og *tilkynna* innihaldi einhvern veginn almennari og ópersónulegri verknað. Kannski er umröðun auðveldari með tveggja andlaga sögnum sem er hægt að nota án óbeins andlags því þá er ekki eins óeðlilegt að láta beina andlagið koma strax á eftir sögninni.

5.3.2 Merkingarflokkar

Ein af spurningunum sem leitast var við að svara í þessari rannsókn er hvort umröðunarhlutfall einstakra sagna endurspeglar að einhverju leyti í merkingu þeirra. Því

var merkingarflokkun Jóhönnu Barðdal (2007) höfð til hliðsjónar. Sú flokkun er e.t.v. of nákvæm fyrir rannsókn af þessu tagi en það er engu að síður forvitnilegt að sjá hvernig flokkarnir eða flokkar skyldrar merkingar passa við tölfræðina.

Sagnirnar sem rannsóknin náði til skiptast í 14 af 17 merkingarflokkum Jóhönnu Barðdal (2007).²⁰ Sagnir merktar með einni stjörnu (*) komu ekki fyrir hjá Jóhönnu heldur setti ég þær í þann flokk sem mér fannst passa best. Sagnir merktar með tveimur stjörnum (***) komu aðeins fyrir afturbeygðar hjá Jóhönnu.

- (69) a. **gefa-sagnir**, þ.e. sagnir sem merkja í eðli sínu það að gefa eða afhenda (e. *verbs inherently denoting giving or delivering*):
 afhenda, byrja, eigna, endurselja*, fá, fela, framselja*, gefa, rétta, selja, skaffa, skammta, skenkja, tileinka, veita
- b. **lána-sagnir** (e. *verbs of lending*):
 endurlána, endurleigja*, framlána*, framleigja*, lána, leigja, ljá
- c. **borga-sagnir** (e. *verbs of paying*):
 borga, bæta, endurborga* endurgjalda*, endurgreiða, gjalda, greiða, launa,
- d. **senda-sagnir** (e. *verbs of sending*):
 endursenda*, senda
- e. **færa-sagnir** (e. *verbs of bringing*):
 bera, flytja, færa
- f. **fram tíðarfærslusagnir** (e. *verbs of future transfer*):
 ábyrgjast*, ánafna*, bjóða, dæma, handsala*, skulda, tryggja, ætla
- g. **flutningsleiðarsagnir** (e. *Verbs denoting transfer along a path*):
 opna
- h. **létta-sagnir** (e. *verbs of enabling*):
 auðvelda, auka*, heimila, leyfa, létta, lofa*, vinna*
- i. **boðskiptasagnir** (e. *verbs of communicated message*):
 auðsýna, birta, boða, innprenta, innræta, játa*, kenna, kunngerá, kynna, miðla*, opinbera, ráðleggja, rita, segja, skrifa*, sverja, syngja, sýna, tilkynna, velja*, yrkja, þakka
- j. **sköpunarsagnir** (e. *verbs of creation*):
 hlaða*, reisa, skapa**

²⁰Hinir þrjú flokkarnir eru eignarsagnir (e. *verbs denoting (prolonged) possession/owning*), tækisboðskiptasagnir (e. *verbs of instrument of communicated message*) og nýta-sagnir (e. *verbs of utilizing*).

- k. **útvega-sagnir** (e. *verbs of obtaining*):
helga**, útvega
- l. **hindrunarsagnir** (e. *verbs of hindrance*):
banna, hamla*, meina, torvelda
- m. **þvingunarsagnir** (e. *verbs of constraining*):
setja
- n. **hugarsagnir** (e. *verbs denoting mental activity*):
fyrirgefa, vilja*

Það er forvitnilegt að skoða hvort merkingarflokkun af þessu tagi endurspeglast að einhverju leyti í hlutfalli umröðunar eða FPNL. Þrír flokkar voru með umröðunarhlutfall yfir 1%, þ.e. flutningsleiðarsagnir (= bara *opna*), *útvega*-sagnir og *lána*-sagnir. Með tveimur flokkum, þ.e. þvingunarsögnum og hugarsögnum, fundust engin dæmi um umröðun. Með þremur flokkum, þ.e. sköpunarsögnum, *létta*-sögnum og hindrunarsögnum, fannst aðeins eitt einasta umröðunardæmi.

Nr.	Flokkur	Sagnir	% UMR	UMR	Öll dæmi
1.	flutningsleiðarsagnir	1	1,97%	9	458
2.	<i>útvega</i> -sagnir	2	1,64%	45	2.741
3.	<i>lána</i> -sagnir	7	1,01%	25	2.478
4.	<i>gefa</i> -sagnir	15	0,39%	287	73.177
5.	<i>færa</i> -sagnir	3	0,16%	9	5.457
6.	hindrunarsagnir	4	0,14%	1	694
7.	<i>senda</i> -sagnir	2	0,10%	5	5.252
8.	boðskiptasagnir	22	0,10%	41	40.378
9.	<i>borga</i> -sagnir	8	0,09%	8	8.448
10.	fram tíðarfærslusagnir	8	0,05%	15	28.600
11.	sköpunarsagnir	3	0,02%	1	6.579
12.	<i>létta</i> -sagnir	7	0,01%	1	6.993
13.	þvingunarsagnir	1	0,00%	0	6.958
14.	hugarsagnir	2	0,00%	0	339

Tafla 7: Umröðunarhlutfall merkingarflokka.

Líkt og nefnt var í kafla 5.3.1 gæti verið að það hversu auðveldlega sögn tekur umröðun tengist merkingarhlutverkum andlaga og hversu erfitt sé að sleppa öðru hvoru andlaginu. Athygli vekur að af fimm algengustu flokkunum eru fjórir sem tákna einhvers konar eignafærslu í eiginlegri eða óeiginlegri merkingu, þ.e. *gefa*-sagnir, *útvega*-sagnir, *lána*-sagnir og *færa*-sagnir.

Varðandi skyldubundin andlög er vert að velta fyrir sér flokkunum með lágsta hlutfallið og hversu auðveldlega er hægt að sleppa óbeina andlaginu. Hugarsagnirnar,

fyrirgefa og *vilja*, eru til dæmis þess eðlis að þær snúast meira um óbeina en beina andlagið og því er erfitt að sleppa óbeina andlaginu. Kannski þykir málhöfum þess vegna óþægilegt að beina andlagið komi beint á eftir sögninni.

Nr.	Flokkur	Sagnir	% FPNL	FPNL	Öll dæmi
1.	<i>útvega</i> -sagnir	2	16,09%	441	2.741
2.	<i>lána</i> -sagnir	7	5,77%	143	2.478
3.	flutningsleiðarsagnir	1	4,15%	19	458
4.	<i>gefa</i> -sagnir	15	3,29%	2409	73.177
5.	<i>senda</i> -sagnir	2	1,87%	98	5.252
6.	<i>færa</i> -sagnir	3	1,76%	96	5.457
7.	<i>borga</i> -sagnir	8	1,68%	142	8.448
8.	boðskiptasagnir	22	1,44%	582	40.378
9.	hindrunarsagnir	4	1,15%	8	694
10.	<i>léttu</i> -sagnir	7	0,70%	49	6.993
11.	fram tíðarfærslusagnir	8	0,36%	104	28.600
12.	sköpunarsagnir	3	0,20%	13	6.579
13.	þvingunarsagnir	1	0,10%	7	6.958
14.	hugarsagnir	2	0,00%	0	339

Tafla 8: FPNL-hlutfall merkingarflokka.

Svo eru *útvega*-sagnirnar með langhæsta FPNL-hlutfallið, sem skýrist nær eingöngu af annarri sögninni, *helga*, sem er mjög mikið notuð með afturbeygðu beinu andlagi, þ.e. *helga sig e-u* (sjá kafla 5.3). En líkt og með umröðunarhlutfallið eru eignaskiptasagnir áberandi í efri hlutanum. Í neðri hlutanum eru njótendasagnir áberandi, þ.e. sagnir þar sem óbeina andlagið táknar þann sem nýtur góðs af beina andlaginu (Jóhannes Gísli Jónsson 2005), og sagnir sem tákna hugarstarfsemi, hindrun, þvingun o.fl. sem tengist óbeina andlaginu náíð.

5.4 Alþingi og Vísir

Í Alþingisræðum fundust alls 319 dæmi um umröðun og 3223 dæmi um FPNL. Í Vísir fundust 128 dæmi um umröðun og 888 dæmi um FPNL. Hafa verður í huga að Alþingisræðurnar innihalda tæplega tvöfalt fleiri tóka en Vísir. Miðað við heildartókafjölda undirmálheildanna eru umraðanir og FPNL líka hlutfallslega fleiri í Alþingisræðunum. Alþingisræður innihalda hlutfallslega u.þ.b. 28% fleiri umraðanir og 87% fleiri FPNL en Vísir.is.

Í töflu 9 sést hlutfall umröðunar og FPNL af heildartókafjölda alþingisræðna eftir áratugum. Ég hafði ekki tök á að nálgast tölur um tveggja andlaga notkun eftir áratugum og því er miðað við allan texta alþingisræðnanna á hverjum áratug.


Athugið að tölurnar fram að 1940 eru nokkuð stopular og því er ekki víst hversu marktækar þær eru, sbr. t.d. himinháa umröðunarhlutfallið á þriðja áratugnum.

Ár	Tókar	% UMR	% FPNL
1911-1915	2.178.346	0,00032%	0,00298%
1923-1929	167.862	0,00238%	0,00179%
1930-1939	2.984.368	0,00010%	0,00248%
1940-1949	12.288.477	0,00032%	0,00269%
1950-1959	13.381.899	0,00029%	0,00259%
1960-1969	18.168.876	0,00020%	0,00225%
1970-1979	20.470.763	0,00017%	0,00187%
1980-1989	28.242.550	0,00020%	0,00148%
1990-1999	37.729.218	0,00012%	0,00131%
2000-2009	40.007.880	0,00010%	0,00107%
2010-2017	35.284.302	0,00004%	0,00078%


Tafla 9: Hlutfall umröðunar og FPNL af heildartókafjölda Alþingisræðna eftir áratugum.


Í eftirfarandi súluritum sést að hlutfall umröðunar og FPNL fer minnkandi með hverjum áratug sem líður. Ákveðið var að sýna ekki árin fyrir 1940 vegna þess hve stopul gögnin eru, þ.e. því það vantar nokkur ár og hve lítil heildarorðafjöldinn er. Rétt er að ítreka að hlutföllin miðast við heildartókafjölda á hverjum áratug en ekki bara heildarnotkun tveggja andlaga sagna. Þannig gætu þessar tölur ákvarðast af einhverju öðru en umröðun og FPNL, t.d. minnkandi notkun tveggja andlaga sagna almennt. Þetta er því í mesta lagi vísbending um eitthvað sem þarf að athuga nánar. Þó sýna þessar tölur að eitthvað hafi breyst milli áratuga í sambandi við tveggja andlaga sagnir, sem verður að teljast áhugavert.

Þar sem prósentutölurnar eru svo smáar tákna tölurnar á Y-ásnum ýmist þriðja aukastaf (umröðun) eða fjórða (FPNL), sem á svo að margfalda með 10 í mínus fjórða veldi (umröðun) eða þriðja (FPNL).



Á Vísí er myndin ekki eins skýr, enda ná þau gögn aðeins 14 ár aftur í tímann, en samt virðist notkun umröðunar og FPNL fara minnkandi ef eitthvað er. Til að mynda er umröðunarhlutfallið á fyrri sjö árunum, 2004-2010, um 30% hærra en á seinni sjö árunum, 2011-2017 (0,00013% á móti 0,00010%) og FPNL-hlutfallið um 34% hærra (0,00094% á móti 0,00070%).





Út frá þessum gögnum má leiða að því líkur að umröðun teljist til formlegs málsniðs eða eldra máls og að notkun hennar fari minnkandi með árunum eða þá að ritmál hafi orðið óformlegra.

5.5 Samantekt

Þegar allt kemur til alls er umröðun mjög sjaldgæft fyrirbæri og kemur aðeins fyrir í um 0,24% tilvika þegar PGF-ÞF-sagnir eru notaðar. Það sem fræðimenn höfðu skrifað um umröðun fékkst staðfest að mestu leyti. Umröðun er nær eingöngu möguleg með PGF-ÞF-sögnum og þegar beint andlag kemur á undan því óbeina er beina andlagið yfirleitt léttara. Af þeim umröðunardæmum sem ég fann voru aðeins örfáar undantekningar á því.

Nokkur munur er á einstökum sögnum út frá merkingu. Tíðni umröðunar og FPNL í alþingisræðum og Vísi í tímans rás bendir til þess að umröðun tilheyri eldra máli eða formlegu málsniði eða þá að ritmál sé að verða óformlegra með tímanum.

6 Lokaorð

Enn er ýmsu ósvarað um eðli og skilyrði umröðunar en þó hefur ýmislegt fengið staðfest sem fræðimenn höfðu áður spáð fyrir, t.d. að umröðun sé nær eingöngu möguleg með ÞGF-ÞF-sögnum og að í þeim tilvikum sem beina andlagið fer á undan því óbeina sé það óbeina þyngra í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella. Einnig fannst munur á tilteknum sögnum, þar sem umröðunarhlutfall sumra sagna var allt að nokkur prósent heildarnotkunar en með öðrum fannst ekki eitt einasta dæmi.

Má þar sérstaklega nefna sagnapör skyldrar merkingar eins og *afhenda* og *gefa* annars vegar og *tilkynna* og *segja* hins vegar. Í báðum tilvikum hafði fyrri sögnin mun herra umröðunarhlutfall en sú seinni og gæti það mögulega tengst merkingu, þ.e. hve veigamikilið hlutverk viðtakandi hefur í verknaði sagnarinnar, eða því hve auðvelt er að sleppa óbeina andlaginu með þessum sögnum.

Það var líka nokkur munur á umröðunarhlutfalli eftir merkingarflokkum sagna. Eignaskiptasagnir voru áberandi í efri hlutanum og sagnir sem tengjast óbeina andlaginu náði, t.d. njótendasagnir, voru neðarlega.

Einnig kom í ljós að umröðun og FÞNL eru mun algengari í Alþingisræðum en á Vísi.is og að notkun þeirra fer minnkandi með árunum. Gæti það bent til þess að umröðun tilheyri eldra máli eða formlegu málsniði. Einnig gæti ritmál almennt hafa orðið óformlegra. Það væri forvitnilegt og efni í frekari rannsóknir að skoða önnur einkenni formlegs máls, t.d. stílfærslu, í tímans rás og bera saman við umröðun. Svo væri líka hægt að rannsaka tveggja andlaga sagnir og umröðun í fornu máli

Næsta skref er að leita að umröðun í þáttaðri málheild til þess að gera leitina nákvæmari og finna fleiri möguleg dæmi. Þá væri einnig forvitnilegt að skoða umröðunardæmin sjálf nánar, t.d. út frá þyngd, lifun andlaganna og umhverfi.

Heimildir

- Ásta Svavarsdóttir. 1994. Enn um eignarfallsflótta. *Jónína hans Jóns G. Friðjónssonar [fimmtugs] 24. ágúst 1994*, bls. 7–13.
- Baker, Mark C. 1988. *Incorporation: A theory of grammatical function changing*. The University of Chicago Press, Chicago and London.
- Bruening, Benjamin. 2010. Ditransitive Asymmetries and a Theory of Idiom Formation. *Linguistic Inquiry* 41, 4:519–562.
- Collins, Chris og Höskuldur Þráinsson. 1996. VP-Internal Structure and Object Shift in Icelandic. *Linguistic Inquiry* 27, 3:391–444.
- Dehé, Nicole. 2004. On the Order of Objects in Icelandic Double Object Constructions. *UCL Working Papers in Linguistics* 16:85–108.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Falk, Cecilia. 1990. On Double Object Constructions. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 46:53–100.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. Uppástunga um nýja málvillu. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1:88–95.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1999. Orð í belg um eignarfallsflótta. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 21:151–160.
- Holmberg, Anders. 1991. On the Scandinavian Double Object Construction. *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*, bls. 141–152. Linguistic Institute, University of Iceland.
- Holmberg, Anders og Christer Platzack. 1995. *The Role of Inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford University Press, New York.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar: Handbók um setningafræði*. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

- Höskuldur Práinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese: An overview and reference grammar*. Fróðskapur, Pórshöfn og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Práinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Ingunn Hreinberg Indriðadóttir. 2017. Weight Effects and Heavy NP Shift in Icelandic and Faroese. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 98:131–146.
- Jóhanna Barðdal. 2007. The semantic and lexical range of the ditransitive construction in the history of (North) Germanic. *Functions of Language* 14, 1:9–30.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997-1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 20:19–20.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2000. Case and Double Objects in Icelandic. *Leeds Working Papers in Linguistics and Phonetics* 8:71–94.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2003. Not so Quirky: On Subject Case in Icelandic. *New Perspectives on Case Theory*, bls. 127–163.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. *Setningar: Handbók um setningafræði*, bls. 350–409. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Práinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kjartan G. Ottósson. 1991. Icelandic Double Objects as Small Clauses. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 48:77–97.
- Levin, Beth. 1993. *English Verb Classes and Alternations: A Preliminary Investigation*. University of Chicago Press, Chicago.
- Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 24:31–105.
- McGinnis, Martha. 2008. Applicatives. *Language and Linguistics Compass* 2, 6:1225–1245.
- Ragnhildur Gunnarsdóttir. 2015. *Betra líf bíður mæðgunum. Setningafræðilegur eignarfallsflótti*. M.A.-ritgerð, Háskóli Íslands.

- Rannveig B. Þórarinsdóttir. 2015. *Fallstjórn slangursagna. Ályktanir um fallakerfi íslensku sem draga má af fallmörkun andlaga nýrra sagna*. B.A.-ritgerð, Háskóli Íslands.
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. 2019. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 3. maí 2019 af <https://ritmalssafn.arnastofnun.is>
- Steinþór Steingrímsson, Sigrún Helgadóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Starkaður Barkarson og Jón Guðnason. 2018. Risamálheild: A Very Large Icelandic Text Corpus. *Proceedings of LREC 2018*, bls. 4361–4366. 2017 útgáfa af málheildinni er aðgengileg til leitar á <http://malheildir.arnastofnun.is>
- Yip, Moira, Joan Maling og Ray Jackendoff. 1987. Case in Tiers. *Language*, bls. 217–250.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Práinsson. 1985. Case and Grammatical Functions: The Icelandic Passive. *Natural Language & Linguistic Theory* 3, 4:441–483.

Viðauki

Eftirfarandi ÞGF-ÞF-sagnir voru notaðar í rannsókninni:

- (70) afhenda, auðvelda, auka, auðsýna, ábyrgjast, ánafna, banna, birta, bjóða, boða, borga, byrta, bæta, dæma, eigna, endurborga, endurgjalda, endurgreiða, endurlána, endurleigja, endurselja, endursenda, fá, færa, fela, flytja, fyrirgefa, framlána, framleigja, framselja, gefa, gjalda, greiða, hamla, handsala, heimila, helga, hlaða, innprenta, innræta, játa, kenna, kunngera, kynna, lána, launa, leigja, létta, leyfa, ljá, lofa, meina, miðla, opinbera, opna, ráðleggja, reisa, rétta, rita, segja, selja, senda, setja, skaffa, skammta, skapa, skenkja, skrifa, skulda, sverja, sýna, syngja, tileinka, tilkynna, torvelda, tryggja, útvega, veita, velja, vilja, vinna, yrkja, ætla, þakka

Eftirfarandi ÞGF-ÞF-sagnir (og eflaust einhverjar fleiri sem mér er ekki kunnugt um) voru **ekki** notaðar í rannsókninni (sbr. kafla 4.1)

- (71) afbiðja, afmarka, afráða, afsegja, ala, ásanna, áskilja, ávenja, ávinna, baka, beina, bera, beygja, binda, bitra, brjóta, búa, byggja, byrgja, draga, drepa, eiga, einsetja, elda, fastna, frábiðja, fyrirbjóða, fyrirhuga, gera, geta, geyma, gelpja, grilla, halda, hasla, há, hefða, heyja, hita, hræra, hugsa, hverfa, hylja, innbyrta, innvinna, ímynda, kaupa, kjósa, klappa, kunna, laga, leggja, léna, lögheimila, marka, merkja, muna, mynda, mæla, nasa, nema, nota, notfæra, nýta, orka, ógna, panta, pláta, þrjóna, ráða, refsá, reikna, reka, rista, samlaga, sauma, sitja, sjá, sjóða, skera, skeyta, slá, smíða, smyrja, sníða, sníkja, sprengja, spæla, stafa, standa, standast, steikja, stytta, sækja, taka, tálga, telja, temja, tína, treina, treysta, umbera, uppáleggja, vanda, vefa, veiða, vekja, verja, villa, virða, vitra, vísa, votta, vökva, þola

Tafla 10: Allar sagnirnar ásamt fjölda umröðunar- og FPNL-dæma, umröðunar- og FPNL-hlutfalli og samtals fjölda dæma um tveggja andlaga notkun.

Sögn	UMR	% UMR	FPNL	% FPNL	Samtals
afhenda	55	1.90%	380	13.11%	2.898
auðsýna	0	0.00%	0	0.00%	3
auðvelda	0	0.00%	9	0.79%	1.139
auka	0	0.00%	0	0.00%	216

Sögn	UMR	% UMR	FÞNL	% FÞNL	Samtals
ábyrgjast	0	0.00%	0	0.00%	23
ánafna	2	8.70%	1	4.35%	23
banna	1	0.29%	7	2.05%	341
bera	2	0.16%	36	2.80%	1.284
birta	8	2.26%	32	9.04%	354
bjóða	7	0.18%	68	1.73%	3.925
boða	1	0.75%	8	6.02%	133
borga	0	0.00%	17	1.31%	1.302
byrja	0	0.00%	0	0.00%	64
bæta	1	0.08%	4	0.30%	1.315
dæma	0	0.00%	1	0.75%	134
eigna	1	0.17%	10	1.72%	580
endurborga	0	0.00%	0	0.00%	2
endurgjalda	0	0.00%	0	0.00%	39
endurgreiða	1	0.23%	10	2.33%	430
endurlána	1	3.13%	16	50.00%	32
endurleigja	1	50.00%	1	50.00%	2
endurselja	1	33.33%	2	66.67%	3
endursenda	0	0.00%	2	28.57%	7
fá	1	0.02%	27	0.41%	6.574
fela	34	1.35%	403	16.01%	2.517
flytja	2	0.29%	7	1.01%	691
framlána	0	0.00%	2	100.00%	2
framleigja	0	0.00%	3	42.86%	7
framselja	2	2.25%	16	17.98%	89
fyrirgefa	0	0.00%	0	0.00%	189
færa	5	0.14%	53	1.52%	3.482
gefa	12	0.04%	205	0.64%	32.123
gjalda	1	1.00%	4	4.00%	100
greiða	5	0.10%	107	2.07%	5.167
hamla	0	0.00%	0	0.00%	20
handsala	0	0.00%	0	0.00%	3
heimila	0	0.00%	11	2.54%	433

Sögn	UMR	% UMR	FÞNL	% FÞNL	Samtals
helga	45	5.78%	439	56.35%	779
hlaða	0	0.00%	0	0.00%	6
innprenta	0	0.00%	0	0.00%	8
innræta	0	0.00%	0	0.00%	44
játa	0	0.00%	0	0.00%	18
kenna	2	0.12%	30	1.87%	1.604
kunngera	0	0.00%	1	16.67%	6
kynna	15	0.08%	105	0.58%	18.072
launa	0	0.00%	0	0.00%	93
lána	4	0.36%	31	2.81%	1.102
leigja	10	1.38%	73	10.04%	727
leyfa	1	0.06%	9	0.56%	1.598
létta	0	0.00%	0	0.00%	472
ljá	9	1.49%	17	2.81%	606
lofa	0	0.00%	0	0.00%	138
meina	0	0.00%	1	0.42%	237
miðla	0	0.00%	0	0.00%	20
opinbera	0	0.00%	0	0.00%	6
opna	9	1.97%	19	4.15%	458
ráðleggja	0	0.00%	0	0.00%	43
reisa	0	0.00%	0	0.00%	411
rétta	1	0.14%	15	2.17%	690
rita	0	0.00%	1	0.70%	143
segja	1	0.02%	40	0.76%	5.284
selja	119	3.60%	438	13.26%	3.303
senda	5	0.10%	96	1.83%	5.245
setja	0	0.00%	7	0.10%	6.958
skaffa	0	0.00%	1	0.46%	217
skammta	0	0.00%	1	0.21%	473
skapa	1	0.02%	13	0.21%	6.162
skenkja	0	0.00%	2	9.52%	21
skrifa	0	0.00%	0	0.00%	456
skulda	1	0.17%	2	0.34%	582

Sögn	UMR	% UMR	FÞNL	% FÞNL	Samtals
sverja	0	0.00%	0	0.00%	11
syngja	0	0.00%	0	0.00%	35
sýna	9	0.10%	112	1.30%	8.613
tileinka	18	1.16%	64	4.13%	1.550
tilkynna	3	0.45%	136	20.61%	660
torvelda	0	0.00%	0	0.00%	96
tryggja	5	0.02%	21	0.10%	21.035
útvega	0	0.00%	2	0.10%	1.962
veita	43	0.19%	845	3.83%	22.075
velja	0	0.00%	3	0.09%	3.370
vilja	0	0.00%	0	0.00%	150
vinna	0	0.00%	20	0.67%	2.997
yrkja	0	0.00%	0	0.00%	7
þakka	2	0.13%	114	7.66%	1.488
ætla	0	0.00%	11	0.38%	2.875